
VIÐSKIPTASVIÐ

Afurðavottanir og umhverfismerkingar í íslenskum sjávarútvegi

Ritgerð til BS gráðu

Nafn nemanda: Erna Þorsteinsdóttir

Leiðbeinandi: Auður H. Ingólfssdóttir, lektor

Vorönn 2016



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY



Titill verkefnis

Afurðavottanir og umhverfismerkingar í íslenskum sjávarútvegi

Höfundur verkefnis:
Erna Þorsteinsdóttir
kt. 250777-5589

Verkefnið hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum Háskólans á Bifröst og hlotið lokaeinkunnina: _____

Háskólinn á Bifröst, 30. apríl 2016

Stimpill skólans

Sviðssjóri Viðskiptasviðs

Leiðbeinandi

Ágrip

Markmið þessarar rannsóknarinnar var að kanna hvaða þýðingu afurðavottanir og umhverfismerkingar hafi fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Sjálfbær þróun gegnir veigamiklu hlutverki í fiskveiðistjórnunarkerfi Íslendinga en sjálfbærni fiskveiðikerfisins er grundvallar forsenda fyrir tilurð umhverfisvottana í íslenskum sjávarútvegi. Helstu hugtökum sjálfbærrar þróunnar og sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins voru gerð skil, auk ítarlegrar greiningar á afurðavottunum og umhverfismerkingum.

Rannsóknin var byggð á eiginlegri aðferðafræði en tekin voru fjögur viðtöl við stjórnendur eða forsvarsmenn íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem hlotið höfðu umhverfisvottun á afurðir sínar. Við úrvinnslu gagna var notast við þemagreiningu þar sem viðtölin voru afrituð nákvæmlega og lesin yfir nokkrum sinnum í þeim tilgangi að afmarka áhugaverða þætti sem komu endurtekið fyrir í textanum.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að stærsti ávinningur afurðavottana og umhverfismerkinga í íslenskum sjávarútvegi sé falinn í bættu markaðsaðgengi og auknum trúverðugleika afurðanna á markaði. Gáfu niðurstöður til kynna að umhverfisvottanir séu orðnar aðgöngumiði inn á flesta af mikilvægustu mörkuðum íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Þá bentu niðurstöður einnig til þess að umhverfisvottanir í íslenskum sjávarútvegi séu komnar til að vera og eins að sóknarfæri fyrir umhverfisvottanir í íslenskum sjávarútvegi séu enn fyrir hendi. Einnig komu fram vísbendingar þess efnis að staða fiskveiðistjórnunarkerfis Íslendinga út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar megi teljast nokkuð góð. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar virðast umhverfisvottanirnar þó ekki skila íslenskum framleiðendum sjávarafurða hærra verði fyrir afurðir sínar.

Lykilorð:

Afurðavottanir, umhverfismerkingar, íslenskur sjávarútvegur, sjálfbærni, rekjanleiki, fiskveiðar, umhverfisvottanir, Marine Stewardship Council, (MSC), Iceland Responsible Fisheries, (IRF).

Formáli

Verkefni þetta er 14 ECTS eininga lokaverkefni til B.Sc. gráðu í viðskiptafræði með áherslu á markaðssamskipti við Háskólann á Bifröst.

Verkefnið ber heitið Afurðavottanir og umhverfismerkingar í íslenskum sjávarútvegi. Höfundur er starfandi í sjávarútvegi en áhugi á viðfangsefni þessarar ritgerðar kviknaði þegar höfundur sótti námskeið í sjálfbærni og samfélagsábyrgð við Háskólann á Bifröst vorið 2015 og ná því fyrstu drög þessa verkefnis til þess tíma.

Þakkir fá leiðbeinandi minn Auður H. Ingólfssdóttir fyrir gott samstarf við vinnslu verkefnisins. Einnig vil ég þakka manni mínum Ingólfi Davíð Sigurðssyni fyrir að hafa trú á mér og veita mér stöðuga hvatningu meðan á skrifum stóð og börnum mínum þeim Heklu Björk, Thor og Vögg þakka ég frá mínum innstu hjartarótum allan stuðninginn og þolinmæðina meðan á náminu stóð. Að lokum vil ég þakka Margréti Rós Einarsdóttur fyrir yfirlestur og góðar ábendingar og einnig þeim viðmælendum sem vitnað er í og veittu heimildir.

Verkefni þetta er mitt eigið og afrakstur eigin rannsókna. Þar sem vitnað er í verk annarra er vísað til heimilda samkvæmt reglum Háskólans á Bifröst.

Eskifjörður, 30. apríl 2016

Erna Þorsteinsdóttir

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
1.1	Rannsóknarefni og markmið verkefnis.....	4
1.2	Rannsóknarspurning	5
1.3	Aðferðir og afmörkun verkefnis	5
2	Fræðileg umfjöllun.....	6
2.1	Afurðavottanir og umhverfismerkingar	6
2.1.1	Umfang vottunarferlisins.....	8
2.1.2	Rekjanleiki.....	8
2.1.3	Forsendur og markmið umhverfismerkinga	9
2.1.4	Árangur af umhverfismerkjum	10
2.1.5	Mikilvægi afurðavottana og umhverfismerkinga	10
2.2	Samfélagsleg ábyrgð.....	11
2.3	Alþjóðlegar aðgerðir í verndun sjávarauðlinda	12
2.4	Þróun íslensks fiskveiðistjórnunarkerfis í átt að sjálfbærni.....	14
2.5	Íslenskur sjávarútvegur, efnahagslegt vægi og útflutningur.....	19
2.6	Markaðir fyrir íslenskar sjávarafurðir.....	22
2.6.1	Sjávarafurðir á heimsvísu	22
2.6.2	Útflutningslönd.....	24
3	Umhverfissvottanir í íslenskum sjávarútvegi.....	27
3.1	Marine Stewardship Council	29
3.2	Iceland Responsible Fisheries	31
4	Aðferðafræði rannsókna.....	34
4.1	Heimildavinna	34
4.2	Eigindlegar aðferðir	34
4.3	Viðtöl	34
4.4	Staða rannsakanda innan rannsókna og helstu takmarkanir.....	35
5	Niðurstöður rannsókna.....	36

5.1	Krafa frá mörkuðum	36
5.2	Markaðsaðgengi og aukinn trúverðugleiki	37
5.3	Hár kostnaður	38
5.4	Framtíð umhverfissvottana í íslenskum sjávarútvegi.....	39
5.5	Togstreita milli MSC og IRF.....	40
5.6	Aðkoma umhverfisverndarsamtaka	42
5.7	Samfélagsleg ábyrgð.....	42
6	Umræður og ályktanir	44
6.1	Krafa frá mörkuðum	44
6.2	Markaðsaðgengi og aukinn trúverðugleiki	44
6.3	Hár kostnaður	45
6.4	Framtíð umhverfissvottana í íslenskum sjávarútvegi.....	45
6.5	Togstreita milli MSC og IRF.....	46
6.6	Aðkoma umhverfisverndarsamtaka	46
6.7	Samfélagsleg ábyrgð.....	46
7	Lokaorð	48
	Heimildaskrá	50
	Lagaskrá	54
	Viðauki 1	55

Myndaskrá

Mynd 1: Þróun fiskveiðikerfis Íslendinga út frá líffræðilegum, efnahaglegum og félagslegum sjónarmiðum.....	16
Mynd 2: Hreyfing aflaheimilda milli landsfjórðunga frá 2003–2015	18
Mynd 3: Hlutfall sjávarafurða af heildarútflutningi Íslands 1999-2014	20
Mynd 4: Heildarafli og útflutningsverðmæti 1999-2014	20
Mynd 5: Virðiskeðja í sjávarútvegi.....	21
Mynd 6: Mismunandi virðiskeðjur.....	21
Mynd 7: Framleiðsla sjávarafurða á heimsvísu – þróun og spár.....	23
Mynd 8: Útflutningsverðmæti helstu tegunda eftir löndum á árinu 2014.....	24
Mynd 9: Útflutningsverðmæti þorsks afurða 2011-2015	25
Mynd 10: Stærstu útflutningslöndin af þorskafurðum 2013-2015.....	26
Mynd 11: Merki Marine Stewardship Council	29
Mynd 12: Merki Iceland Responsible Fisheries.....	31

Töfluskrá

Tafla 1: Notendur upprunamerkis IRF skipt eftir löndum	33
--	----

1 Inngangur

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eiga allt sitt undir umhverfinu. Starfsemi þeirra byggir á auðlind hafsins, sem er því grundvöllur að starfsemi útgerðanna. Í áratugi átti sér stað ofveiði á Íslandsmiðum bæði af hálfu útlendinga og Íslendinga. Mikið vatn hefur þó runnið til sjávar síðan þá og hefur Íslendingum tekist framfar öðrum þjóðum að þróa í kringum auðlind sína sjálfbært kerfi sem stuðlar bæði að styrkingu fiskistofnana, sem og efnahagslegri hagkvæmni (McKinsey, 2012).

Hraðvaxandi fjölgun mannkyns felur í sér ýmsar áskoranir. Laust landrymi á jörðinni minnkar og sífellt færri landssvæði verða eftir óspillt. Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna hefur gefið frá sér þá yfirlýsingu að yfir 80% allra fiskistofna heimsins séu ýmist full- eða ofnýttir. Sjálfbær nýting náttúruauðlinda er því ein af lykil forsendum þess að hægt verði að fæða mannkynið til lengri tíma (FAO, 2014). Þessi þróun hefur m.a. leitt til þess að mikil alheimsvakning hefur átt sér stað á öllu sem varðar umhverfisvernd og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda.

Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa mörg hver farið þá leið að svara kröfum markaðarins með notkun afurðavottana og umhverfismerkinga. Afurðavottanir og umhverfismerkingar geta verið verðmæt verkfæri í þeim tilgangi að tryggja sjálfbærar fiskveiðar og heilbrigð vatnavistkerfi en vottanirnar geta einnig haft í för með sér mikinn ávinning fyrir bæði framleiðendur og neytendur (Wessells, Cochrane, Deere, Wallis, og Willmann, 2001).

Höfundur hefur áhuga á að skoða hvaða þýðingu afurðavottanir og umhverfismerkingar hafa fyrir íslenskan sjávarútveg. Á undanförunum árum hefur umræða og áhugi á afurðavottunum og umhverfismerkingum sjávarafurða stóraukist. Íslenskar sjávarafurðir hafa orð á sér fyrir að vera þekktar og eftirsóttar fyrir gæði sín um allan heim en miðað við þróun á heimsvísu undanfarin ár má ætla að aðgangur inn á heimsmarkaði muni í auknum mæli verða erfiðari fyrir vörur sem ekki hafa slíkar vottanir. Mikil aukning hefur verið á vottunum íslenskra sjávarafurða síðastliðinn áratug en umdeilt hefur verið hvort og hversu vel þær umhverfisvottanir virki, hvort heldur sem náttúruverndartæki eða sem markaðstól.

1.1 Rannsóknarefni og markmið verkefnis

Þegar velja átti efni til þess að fjalla um í lokaritgerð kom fátt annað til greina en að velja efni tengt íslenskum sjávarútvegi en eins og áður hefur komið fram þá hefur höfundur verið viðloðandi sjávarútveg frá blautu barnsbeini og starfar nú við sjávarútveg. Rannsóknarefni þessarar ritgerðar fjallar um afurðavottanir og umhverfismerkingar í íslenskum sjávarútvegi.

Meginmarkmið með rannsókninni er að komast að því hvaða þýðingu afurðavottanir og umhverfismerkingar hafa fyrir íslenska framleiðendur sjávarafurða.

1.2 Rannsóknarspurning

Verkefninu er ætlað að svara eftirfarandi rannsóknarspurningu:

Hvaða þýðingu hafa afurðavottanir og umhverfismerkingar fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki ?

1.3 Aðferðir og afmörkun verkefnis

Til að svara rannsóknarspurningu þessa verkefnis verður stuðst við niðurstöður úr viðtölum við stjórnendur og forsvarsmenn íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Þær niðurstöður verða svo bornar saman við upplýsingar sem settar eru fram í fræðilegri umfjöllun.

2 Fræðileg umfjöllun

Fræðilegri umfjöllun er skipt niður í sex aðalkafla; Afurðavottanir og umhverfismerkingar, samfélagslega ábyrgð, alþjóðlegar aðgerðir í verndun sjávarauðlinda, þróun íslensks fiskveiðistjórnunarkerfis í átt að sjálfbærni, íslenskan sjávarútveg – efnahaglegt vægi og útflutning og að lokum markaði fyrir íslenskar sjávarafurðir.

2.1 Afurðavottanir og umhverfismerkingar

Í kaflanum er afurðavottunum og umhverfismerkingum gerð ítarleg skil. Farið er yfir skilgreiningar á hugtökunum, flokka umhverfismerkinga og umfang vottunarferlisins. Þá verður rekjanleiki skilgreindur og hlutverk hans og mikilvægi varðandi vottanir útskýrt. Er kaflanum einnig ætlað að útskýra hvaða forsendur liggi að baki árangursríkra umhverfismerkinga og þann ávinning sem afurðavottanir og umhverfismerkingar geti haft í för með sér.

Þrátt fyrir að auðlindir hafsins séu endurnýjanlegar býr stór hluti fiskimiða í heiminum enn við ofveiði eða hættuna á ofveiðum. Afurðavottun og umhverfismerkingar eru verkfæri sem nota má til stuðnings við stjórnun fiskveiða. Tengsl eru milli þessara verkfæra og þjóna þau sama tilgangi, að því er varðar fiskveiðar, þrátt fyrir að þeim sé beitt á ólíkan hátt (Wessells, o.fl., 2001).

Afurðavottun (e. product certification) er ráðstöfun sem yfirvöld mæla fyrir um og svæðisbundin samtök um stjórnun fiskveiða sammælast gjarnan um, í þeim tilgangi að tryggja að eingöngu megi versla með afla sem er veiddur og gerð er grein fyrir á löglegan hátt á innlendum eða alþjóðlegum markaði. Slík vottun (og rekjanleiki afla) felur ekki endilega í sér afurðarmerkingu á smásölustigi. Þegar afurðavottun fylgir merking til að upplýsa neytendur getur það aftur á móti haft áhrif á val neytenda á svipaðan hátt og valfrjáls umhverfismerkingaráætlun (e. voluntary ecolabelling programme) (Wessells, o.fl., 2001).

Umhverfismerki (e. ecolabels) eru gæðamerki sem eru gefin afurðum sem teljast hafa minni áhrif á umhverfið en aðrar afurðir sem eru svipaðar að gerð eða samkeppnishæfni (Deere, 1999). Grunnforsenda þess að hafa merkingar með helstu upplýsingum frá veiðum til sölustaðar er að tengja sjávarafurðir við framleiðsluferli þeirra. Við gerð umhverfismerkja er yfirleitt byggt á vistferilsgreiningu til að ákvarða umhverfisáhrif afurðar „frá vöggum til grafar“ (Staffin, 1996).

Umhverfismerkingum er alla jafna skipt í þrjá flokka:

Merkingar fyrsta aðila (e. first party labelling / self-declarations):

Þegar um merkingar fyrsta aðila ræðir setur framleiðandinn sjálfur fram fullyrðingar um að varan uppfylli fyrirfram gefna staðla, sem framleiðandinn hefur í flestum tilvikum sett fram sjálfur. Vandi fyrsta aðila merkinga er aðallega fólgin í skorti á trúverðugleika, þar sem vottunin og framleiðslan er á sömu hendi, en bæði staðlinum og „vottunarferlinu“ fylgir mikið gagnsæi sem hjálpað hefur til við að halda þessari tegund merkinga á lofti.

Vottun annars aðila (e. second party labelling):

Við vottun annars aðila er einhver annar aðili en framleiðandinn fenginn til að votta að varan uppfylli ákveðinn fyrirfram útgefin staðal. Vottunaraðilar geta þá t.a.m. verið hagsmunasamtök í greininni eða aðrir aðilar sem e.t.v. sáu um að búa til staðalinn sem vottunin þarf að uppfylla. Vottun annars aðila glímir þannig að mestu við sama vanda og vottun fyrsta aðila, þ.e. trúverðugleika, þó hún sé ekki endilega á sömu hendi.

Vottun þriðja aðila (e. third party labelling):

Þegar um vottun þriðja aðila ræðir stendur óháður þriðji aðili að vottuninni en sá aðili er þá að öllu leyti ótengdur framleiðandanum og eiganda merkisins. Vottun þriðja aðila er mest notuð til að votta sjávarafurðir en slíkri vottun fylgir bæði mikið gagnsæi og trúverðugleiki (Wessells, o.fl., 2001).

Umhverfismerki geta verið annaðhvort lögboðin eða valfrjáls. Lögboðin merki eru studd af ríkisstjórnnum og geta virkað sem viðskipahöft fyrir erlenda framleiðendur (þ.e. hugsanlega verður innfluttum afurðum hafnað ef þær uppfylla ekki kröfurnar) (WTO, 1997). Innflutningur afurða sem fara ekki að kröfum samkvæmt valfrjálsum merkjum er ekki háður höftum. Ef um er að ræða valfrjáls merki er það framleiðandans að ákveða hvort sækja eigi um vottun fyrir afurðina eða ekki og neytandans að ákveða hvort hann kaupir (eða flytji inn) umhverfismerkta afurð. Áætlanir um valfrjálsa umhverfismerkingu kunna að fá fjármögnun frá aðilum úr einkageiranum og slíkir aðilar kunna að hafa umsjón með þeim. Sumar slíkar áætlanir fá hins vegar stuðning frá ríkisstjórnnum. Sem dæmi um slíkt má nefna að Þýskaland varð fyrsta landið til að vera með ríkisstyrkt umhverfismerki þegar umhverfismerki landsins, Blái engillinn (The Blue Angel) var sett á laggirnar árið 1977 (Wessells, o.fl., 2001).

2.1.1 Umfang vottunarferlisins

Fyrsta „stofnanalega“ hlið umhverfismerkingaráætlana sem ber að taka á er umfang vottunarferlisins, þ.e. að ákvarða hvort áherslan sé á framleiðslugeirann (fiskimiðin eða býlið) eða hvort vinnslugeirinn sé einnig hluti af vottunarferlinu. Þar af leiðandi gæti ferlið náð yfir lífsferil afurðarinnar í heild sinni (Wessells, o.fl., 2001).

Áður en vottun er veitt verður að koma á fót kerfi sjálfbærna staðla eða forsendna til að beita við mat á fiskveiðum. Að ná fram og sanngreina „sjálfbærni“ í fiskveiðum er flókið ferli. Staðfesting og áreiðanleiki staðla tengjast því náið hvernig staðlarnir eru mótaðir, stöðlunum sem slíkum og viðurkenningar- eða vottunarferlinu sem beitt er við mat á fyrirtækjum og stofnunum samkvæmt staðlinum (EDF, 1997).

2.1.2 Rekjanleiki

Ein af birtingamyndum hnattvæðingarinnar er aukið flæði vara heimshluta á milli. Aukið flæði og dreifing matvæla hefur gert það að verkum að virðisdeðja matvæla er nú mun lengri en áður var og um leið hafa möguleikar á rýrnun og spillingu á gæðum matvæla aukist til muna (European Commission, 2007). Það hefur leitt til þess að yfirvöld víða um heim, þ.m.t. á Íslandi hafa hert þær reglur og lög sem lúta að öryggi matvæla og er lögbundinn rekjanleiki matvæla, þ.m.t. sjávarafurða einn liður í því.

Rekjanleiki (e. chain of custody) er skilgreindur sem sá möguleiki að rekja uppruna og feril matvæla og innihaldsefni þeirra í gegnum öll stig framleiðslu, vinnslu og dreifingar (Lög um matvæli nr. 93/1995). Rekjanleiki gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að afurðavottunum og umhverfismerkingum. Með rekjanleika er hægt að sýna fram á uppruna vöru og leið hennar gegnum virðisdeðjuna. Leið vöru í gegnum virðisdeðjuna hefur áhrif á umhverfisálag sem henni fylgir, en slíkt getur haft áhrif á það hvort vörur fá umhverfismerkingu eða ekki (European Commission 2007). Í rekjanleikaferlinu er gerð krafa um að vottuðum og óvottuðum afurðum sé haldið aðskildum á einhvern hátt við vinnslu, heildsölu, dreifingu og birgðastjórnun þeirra. Ef engin vottun er á rekjanleika gætu vottaðar og óvottaðar afurðir blandast saman. Meðal ávinnings af umhverfismerkingaráætlunum sem vart hefur orðið er meiri ásókn neytenda í umhverfismerktar afurðir og álagið sem neytendur eru reiðubúnir að greiða (Wessells, o.fl., 2001).

Fiskur eru misleit vara þar sem verðmæti ráðast að miklu leyti af eiginleikum vörunnar, svo sem stærð, ferskleika, lit o.s.frv. Neytendur gera mismunandi kröfur á gæði fisks og eru

neytendur líklegri til að greiða hærra verð fyrir meiri gæði. Neytendur gera þó þær kröfur að þau gæði sem felast í hærra vöruverði séu sýnileg. Til að svo megi vera er mikilvægt að neytendur séu upplýstir um öll skref virðiskeðjunnar sem skipta eiginleika vörunnar máli, svo sem hvenær og hvar fiskurinn var veiddur, hvernig hann hefur verið meðhöndlaður og hversu langur tími liður frá veiðum þar til fiskurinn kemst á markað (Sveinn Agnarsson, Daði Már Kristófersson, Kristófer Gunnlaugsson og Valur Þráinsson, 2011). Mjög mikilvægt er að þessum upplýsingum sé miðlað til neytenda með trúverðugum hætti og eru afurðavottanir og umhverfismerkingar mikilvægur liður í því. Það getur verið freistandi að markaðssetja afurðir sem umhverfismerktar þegar þær eru það ekki, til að auka ágóðann. Þess vegna verður rekjanleikaferli að vera til staðar til að tryggja heilindi afurðarinnar sem sett er á markaðinn (Wessells, o.fl., 2001).

2.1.3 Forsendur og markmið umhverfismerkinga

Það eru engar forsendur til fyrir fram sem telja má ómissandi eða sem hægt er að hafna sjálfkrafa varðandi sjávarafurðir. Í hvers kyns merkingaráætlun munu forsendurnar fyrir gjaldgengi í umhverfismerkingaráætlun ávallt endurspeglar ákveðna málamiðlun milli krafna neytenda og getu og vilja framleiðenda og milliliða til að uppfylla þær kröfur. Að jafnaði gætu merkingaráætlanir fyrir fiskveiðar því miðað að því að ná til allra eða einhverra hluta umhverfismála og líffræðilegra, félagslegra, pólitískra eða efnahagslegra málefna sem tengjast fiskveiðiframkvæmdum. Vottun afurða með umhverfismerkingu er gerð í þeim tilgangi að auka eftirspurn almennings eftir umhverfisvænni afurðum. Markmið umhverfismerkingaráætlana er þannig að stuðla að markaðstengdri hvatningu til betri fiskveiðistjórnunar með því að skapa eftirspurn meðal neytenda eftir sjávarafurðum sem koma frá sjálfbærum fiskveiðum (Cochrane og Willmann, 2000).

Fyrir neytendur geta umhverfismerkingar þriðja aðila þjónað þrenns konar tilgangi á markaði:

- 1) Geta látið í té óháð mat á og stuðning við afurð
- 2) Geta virkað sem neytendavernd
- 3) Geta hjálpað til við að ná tilteknum markmiðum að því er varðar umhverfisstefnu

Umhverfismerkingarsamtök geta verið ríkisstofnun, ígildi ríkisstofnunar eða einkastofnun. Þessi samtök eiga umhverfismerki sitt eða -vörumerki. Þau leyfa notkun merkis síns í tiltekinn tíma og fyrir tiltekið gjald. Umhverfismerkingarstofnun sinnir venjulega þremur verkefnum: staðlasetningu, vottun og markaðssetningu. Með staðlasetningu er kveðið á um þá umhverfisstaðla sem afurð verður að standast til að fá umhverfismerkið. Vottun segir til um

hvort tiltekin afurð standist þessa staðla. Markaðssetning mótar vitund og traust neytenda hvað varðar kröfurnar. Markaðssetning getur auðvitað einnig farið fram af hálfu framleiðanda afurðarinnar sem ber umhverfismerkið, en umhverfismerkingarsamtökin verða einnig að markaðssetja merkið gagnvart neytendum þannig að þeir geri kröfu um að afurðirnar sem þeir kaupa beri það (Wessells, 2001).

2.1.4 Árangur af umhverfismerkjum

Árangurinn sem næst með umhverfismerkjum ræðst af vitund neytenda um merkið og því hvort þeir samþykki merkið (traust og skilningur). Vitund er oftast afrakstur árangursríks kynningarstarfs (National Wildlife Federation, 1996). Samþykki neytenda á umhverfismerkjum fer eftir; 1) skilningi almennings á viðkomandi málefnum; 2) skilningi almennings á tengslunum milli viðkomandi málefna og ákvarðana varðandi afurðir; 3) nákvæmri og skýrri kynningu á eiginleikum afurðarinnar; og 4) skilningi á þeim tilteknu aðgerðum (t.d. ákvörðunum um kaup á afurðum) sem einstaklingar geta beitt til að bregðast við þeim upplýsingum sem merkingaráætlunin lætur í té (United States Environmental Protection Agency, 1993).

Til að umhverfismerkingaráætlanir hljóti víðtækt samþykki verður að gera þeim málefnum sem tengjast merkingunum hátt undir höfði svo að neytendur leiti að merkjunum að eigin frumkvæði. Þannig hafa umhverfismerkingaráætlanir einnig það hlutverk að mennta almenning. Merkingaráætlun er einnig líklegri til að hljóta samþykki ef hún kemur frá áreiðanlegum aðilum (Wessells, 2001).

2.1.5 Mikilvægi afurðavottana og umhverfismerkinga

Afurðavottanir og umhverfismerkingar geta verið verðmæt verkfæri í þeim tilgangi að tryggja sjálfbærar fiskveiðar og heilbrigð vatnavistkerfi. Þeim má beita sem viðbót við og til að styðja við hefðbundnar eftirlitsráðstafanir til að ná árangri í varðveislu og stjórnun fiskistofna.

Umhverfismerking á fiski og sjávarafurðum getur orðið til þess að hvati komi frá markaðinum til þess að stjórna fiskveiðum og fiskeldisbýlum á sjálfbæran hátt. Margs konar ávinningur getur fallið mannkyninu í skaut ef þetta verður að veruleika:

- Umbætur verða á umhverfi vatnavistkerfa, sem dregur úr kostnaði sem samfélagið verður fyrir vegna minni líffræðilegrar fjölbreytni.
- Neytendur hagnast þar sem þeir fá meiri upplýsingar um afurðirnar sem þeir kaupa, þeir geta valið úr fleiri afurðum af ólíkum umhverfislegum gæðum, og þeir geta tekið

upplýstar ákvarðanir varðandi kaup á þessum sjávarafurðum. Neytendur hagnast einnig til lengri tíma lítið vegna áframhaldandi aðgengi að eftirlætis sjávarafurðum sínum.

- Framleiðendur umhverfismerkra sjávarafurða njóta ávinnings af því að meiri vilji er meðal neytenda til að borga fyrir afurðir þeirra en annars væri raunin á markaði þar sem lítill munur er á afurðum.

Ávinningurinn fyrir fiskveiðigeirann er sá að þegar ósjálfbærar fiskveiðar verða sjálfbærar verndar það framleiðsluna og tryggir störf til lengri tíma lítið (Wessells, o.fl., 2001).

2.2 Samfélagsleg ábyrgð

Kafli þessi fjallar um mikilvægi samfélaglegrar ábyrgðar fyrirtækja. Í kaflanum eru helstu hugtök samfélaglegrar ábyrgðar skilgreind. Þá er fjallað sérstaklega um hvernig umhverfisvænir kostir, sbr. umhverfissvottanir, geti skapað fyrirtækjum samkeppnisforskot á markaði.

Mikil vitundavakning hefur átt sér stað varðandi mikilvægi þess að fyrirtæki starfi með ábyrgum hætti í sátt við umhverfi sitt og samfélag. Samfélagið er ekki lengur í hlutverki áhorfanda og þegnar þess gera kröfur um að fyrirtæki axli samfélagslega ábyrgð (Kotler og Lee, 2004). Samfélagsleg ábyrgð fyrirtækja (e. corporate social responsibility), eða samfélagsábyrgð, er hugtak sem rekja má allt aftur til 1950. Til eru margar skilgreiningar á hugtakinu sem hefur verið í þróun allt frá fimmta áratug síðustu aldar en árið 2001 kom framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ásamt fjölda evrópskra hagsmunaaðila sér saman um eftirfarandi skilgreiningu á hugtakinu:

Samfélagsleg ábyrgð er skilgreind sem þær skuldbindingar sem fyrirtæki kjósa að taka á sig gagnvart starfsfólki sínu, umhverfi og viðskiptavinum umfram það sem kveðið er á um í kjarasamningum, lögum eða reglugerðum (Evrópusambandið, 2001).

Umhverfismál fyrirtækja eru órjúfanlegur þáttur samfélagsábyrgðar, sem ein af lykil víddum hennar (Geirþrúður Kjartansdóttir og Lára Jóhannsdóttir, 2015). Hraðvaxandi fjölgun mannkyns felur í sér ýmsar áskoranir fyrir umhverfið. Laust landrými á jörðinni minnkar og sífellt færri landssvæði verða eftir óspillt (Botkin og Keller, 2007). Vaxandi losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum hafa valdið hnattrænni hlýnun og loflagsbreytingum. Þær loflagsbreytingar hafa haft í för með sér víðtækar breytingar eins og bráðnun jökla, hækkun á yfirborði sjávar og breytingu á hitastigi hans með auknum líkum á breytingum á lífsskilyrðum í sjó vegna breytinga á straumum, sýrustigi og seltu (Umhverfisstofnun, e.d.). Það

er m.a. vegna þessarar þróunnar sem aukinn þrýstingur hefur myndast frá fjárfestum, frjálsum félagasamtökum, opinberum aðilum og ekki síst frá neytendum um að fyrirtæki taki þátt í að bæta það samfélag og það umhverfi sem þau starfa í (Collins, 1993). Hvernig fyrirtæki svo bregðast við þessum þrýstingi getur skipt sköpum hvað varðar samkeppnishæfni fyrirtækjanna. Fyrirtæki sem eru leiðandi á sviði umhverfismála eða í umhverfisvænum valkostum fyrir neytendur geta skapað sér samkeppnisforskot á markaði með ýmsum hætti. Umhverfisvænar vörur líkt og umhverfisvottaðar sjávarafurðir, geta t.a.m. aukið möguleika á aðgreiningu vöru (e. product differentiation), haft góð áhrif á orðspor og ímynd fyrirtækisins og laðað að nýja byrgja og viðskiptavinum. Þá geta umhverfisvænar vörur einnig opnað aðgengi að nýjum mörkuðum eða varið stöðu fyrirtækja á núverandi mörkuðum (Emmett og Sood, 2010).

2.3 Alþjóðlegar aðgerðir í verndun sjávarauðlinda

Í þessum kafla er farið yfir þær helstu alþjóðlegu aðgerðir sem gerðar hafa verið í verndun sjávarauðlinda og aðkomu Íslands í þeim aðgerðum. Er það markmið kaflans að skoða mikilvægi þessara aðgerða og hvaða þýðingu þær hafa fyrir afurðavottanir og umhverfismerkingar.

Til þess að hindra útrýmingu fiskistofna hafsins eða alvarlegri ofnýtingu þeirra hefur alþjóðlegu regluverki verið komið á þar sem fiskveiðum heimsins er stýrt og þjóðum meinaður aðgangur þegar kemur að óheftum fiskveiðum. Þar hafa alþjóðlegar stofnanir á borð við Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna verið í fararbroddi, auk annarra stofnana Sameinuðu þjóðanna. Ísland hefur verið virkur þátttakandi í aðgerðum sem snúa að stjórnun og verndun fiskveiðiauðlinda. Má þar nefna samninga á borð við NAFO (Norðvestur Atlantshafsveiðistofnunin) sem snýr að framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi og NEAFC (Norðaustur Atlandshafs fiskveiðinefndin) samninginn, sem er samskonar samningur um fiskveiðar í Norðaustur-Atlantshafi (Fiskistofa, e.d.).

Þá hafa viðamiklir samningar er snúa að mengun hafsins verið gerðir og er þekktasti alþjóðlegi umhverfisverndarsamningurinn hvað það varðar hinn svokallaði OSPAR samningur frá árinu 1998 sem snýr að verndun NA-Atlantshafsins. Markmið samningsins er að koma í veg fyrir mengun Norðaustur-Atlantshafsins með því að draga úr mengun frá landi, mengun af völdum varps og brennslu, og mengun frá uppsprettum í hafi. Samningurinn tekur einnig á mati á ástandi hafsins og verndun og varðveislu (Umhverfis- og auðlindaráðuneytið, e.d.). Með aðild að samningnum öðluðust Íslendingar mikilvæg réttindi til að hafa áhrif á ástand hafsins á NA-

Atlantantshafssvæðinu og það hvernig önnur ríki umgangast hafið (Umhverfissráðuneytið, 2011).

Ísland hefur verið aðili að CITES (the Convention on International Trade in Endangered species of Wild Fauna and Flora) frá árinu 1991 en það er heiti alþjóðlegs samnings um stjórnun og eftirlit með alþjóðlegri verslun með tegundir plantna og dýra sem taldar eru í útrýmingarhættu. Er tilgangur samningsins að vernda tegundir plantna og dýra í útrýmingahættu og að ekki sé gengið of nærri tegundum sem verslað er með á alþjóðamarkaði (Umhverfissráðuneytið, 2011).

Sem dæmi um alþjóðleg lög og reglur sem sett hafa verið um stjórn fiskveiða má nefna samninga á borð við Hafréttarsamning Sameinuðu Þjóðanna (UNCLOS) frá 1982 en hann er fyrsti og eini heildstæði alþjóðasamningurinn á sviði hafréttar. Með honum voru gildandi venjureglur ýmist staðfestar eða nýjar reglur settar um öll not hafsins en samningurinn tekur til allra hafsvæða auk loftrýmisins yfir þeim, hafsbotsins og botnlaganna undir þeim. Ísland varð árið 1985 fyrsta vestræna ríkið til þess að fullgilda samninginn. Aðildarríkjafundur hafréttarsamningsins er haldinn á hverju ári en íslensk stjórnvöld leggja áherslu á í málefnum hafsins beri að vinna á grundvelli hafréttarsamningsins og samninga tengdum honum (Utanríkisráðuneytið, 2015a). Árið 1995 var svo samþykktur nýr samningur á vegum Sameinuðu þjóðanna um stjórnun og verndun fiskistofna sem ganga milli lögsögu ríkja og úthafsins, oftast nefndur úthafsveiðisamningurinn. Samningurinn kveður á um framkvæmd og útfærslu ákvæða hafréttarsamningsins um fiskistofna sem finnast bæði innan efnahagslögsögu strandríkja og á úthafinu. Tók samningurinn gildi í desember 2001 en var fullgiltur af Íslands hálfu 1997. Samningurinn styrkir verulega ramma um samstarf strandríkja og úthafsveiðiríkja á vettvangi svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana. (Utanríkisráðuneytið, 2015b).

Ísland er ein þeirra þjóða sem hefur verið í fararbroddi í baráttunni gegn ólöglegum fiskveiðum. Því til stuðnings má t.a.m. nefna virkan þátt íslenskra stjórnvalda í samningaviðræðum á vettvangi FAO um gerð nýs alþjóðasamnings um aðgerðir hafnríkja gegn ólöglegum fiskveiðum (Agreement on Port State Measures to Prevent, Deter and Eliminate Illegal, Unreported and Unregulated Fishing). Samningurinn sem samþykktur var árið 2009 var fullgiltur af Íslands hálfu árið 2015 en um er að ræða fyrsta alþjóðasamning sem gerður er gagnert til að berjast gegn ólöglegum fiskveiðum og er hann afar mikilvægur þáttur í því. Með samningnum skuldbinda aðildaríki sig til að loka höfnum sínum fyrir skipum sem gerst hafa uppvís að ólöglegum fiskveiðum og synja þeim um löndun, umskipun og hvers kyns þjónustu (Utanríkisráðuneytið, 2015c)

Siðareglur FAO um ábyrgð í fiskimálum (e. Code of Conduct for Responsible Fisheries) voru gefnar út árið 1995. Siðareglurnar samanstanda af grunnreglum og alþjóðlegum stöðlum um það hvernig æskilegast er að menn standi að verki allt frá veiðum á fiskinum til markaðssetningar afurðanna. Tilgangur siðareglanna er að tryggja virka verndun, stjórnun og þróun lifandi auðlinda í sjó og vatni, með tilhlýðilegri virðingu fyrir vistkerfinu í heild, sem og fjölbreytileika lífríkisins. Ekki er þó um alþjóðlegan samning með þjóðréttarlegum skuldbindingum að ræða, heldur um alþjóðleg viðmið og því hverri þjóð í sjálfvald sett hvort hún kys að fara eftir reglunum eða ekki (FAO, 1995). Umhverfissvottanir í sjávarútvegi eru að mestu byggðar á siðareglum FAO, þar á meðal tvær stærstu vottanir í íslenskum sjávarútvegi, vottanir Marine Stewardship Council (MSC) og Iceland Responsible Fisheries (IRF).

2.4 Þróun íslensks fiskveiðistjórnunarkerfis í átt að sjálfbærni

Í kaflanum er þróun íslensks fiskveiðistjórnunarkerfis í átt að sjálfbærni gerð skil en sjálfbærni fiskveiðikerfisins er grundvallar forsenda fyrir tilurð umhverfissvottana í íslenskum sjávarútvegi. Í kaflanum er farið yfir hugtök sjálfbærrar þróunnar og sjálfbærrar nýtingar lifandi auðlinda hafsins og stærstu skref í þróun núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis Íslendinga rakin út frá líffræðilegum, efnahagslegum og félagslegum sjónarmiðum.

Ísland er komið lengra en margar þjóðir þegar kemur að sjálfbærni. Sjálfbærni er á margan hátt undirstaða velferðarsamfélagsins á Íslandi. Þannig byggja þrjár höfuðstoðir íslensks efnahags á sjálfbærum vinnubrögðum sem er undirstaðan fyrir gjaldeyrisöflun þjóðarinnar og eru óaðskiljanlegur hluti af daglegu lífi okkar.

Sjálfbær þróun gegnir veigamiklu hlutverki í íslensku fiskveiðistjórnunarkerfi og er hugtakið sjálfbær þróun (e. sustainable development) útlistað sem sú þróun sem gerir fólki kleift að mæta þörfum sínum án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til hins sama. Hugtakið vísar til þróunar til lengri tíma þar sem reynt er að ná jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta og kallar þannig á samþættingu þessara þriggja þátta við ákvarðanatöku, frekar en að litið sé á þá með aðskildum hætti. Sjálfbær þróun er því flókið ferli þar sem saman spila ákvarðanir stjórnvalda, fyrirtækja, félagsamtaka og einstaklinga. Mismunandi er hvaða leið þjóðir heims fara til sjálfbærrar þróunar en það ræðst m.a. af efnahags- og félagslegum aðstæðum, en takmarkið er að fullnægja eðlilegum þörfum fólks til lífsgæða án ofnýtingar sem kæmi niður á komandi kynslóðum (WCED, 1987).

Hugtakið sjálfbær nýting lifandi auðlinda hafsins byggir á inntaki sjálfbærrar þróunar. Í því felst að lifandi auðlindir hafsins séu veiddar og nýttar með ábyrgum hætti þannig að möguleikar þeirra til vaxtar og viðgangs til allrar framtíðar séu ekki skertir (Utanríkisráðuneytið, 2004).

Þær fiskveiðar sem stofninn getur staðið undir til frambúðar eru kallaðar sjálfbærar. Einkenni sjálfbærra fiskveiða er að ekki er tekið meira úr stofninum að jafnaði en það sem nemur náttúrulegum vexti hans þ.e. ekki er gengið á stofnstærð sem helst þá óbreytt yfir tíma, a.m.k. að jafnaði. Þar með geta fiskveiðarnar staðið með sama jafnaðarafla til frambúðar. Sjálfbærar fiskveiðar eru þó ekki endilega óbreyttar frá ári til árs því vegna breytileika náttúrunnar er óhjákvæmilegt að stofnstærð og þar með afli sveiflist yfir tíma. Slíkar sveiflur geta þó verið fyllilega samrýmanlegar hugtakinu um sjálfbærar fiskveiðar ef það felur í sér stöðuleika að jafnaði. Þegar stöðugleika að jafnaði er haldið, sýna hvorki stofnstærð né afli tilhneigingu til að minnka (Birgir Þór Runólfsson, 1999).

Lengi vel var lítil sem engin stjórn á fiskveiðum í íslenskri landhelgi. Stunduðu menn sjóinn, fiskuðu þegar viðraði og komu í land með eins mikinn afla og þeir gátu. Í áratugi átti sér stað ofveiði á Íslandsmiðum bæði af hálfu útlendinga og Íslendinga. „Svarta skýrslan“ svokallaða sem Hafrannsóknarstofnun gaf út 1975 sýndi svo ekki varð um villst að Íslendingar yrðu að ná betri stýringu á fiskiveiðum sínum ef ekki ætti illa að fara fyrir okkar helstu fiskistofnum (Helgi Áss Grétarsson, 2008). Mikið vatn hefur þó runnið til sjávar síðan svarta skýrslan leit dagsins ljós en segja má að vegna þess hversu Ísland hefur verið háð sjávatúrvegi í gegnum tíðina hafi landið neyðst til að þróa í kringum auðlind sína sjálfbært kerfi sem stuðlar bæði að styrkingu fiskistofnana, sem og efnahagslegri hagkvæmni (McKinsey, 2012).

Eins og fram kom hér ofar snýst sjálfbær þróun m.a. um að ná samþættingu og jafnvægi milli efnahagslegra, félagslegra og umhverfislegra þátta til lengri tíma lítið.

Fiskstjórnunarkerfi Íslendinga hefur þróast í að vera skilvirkt kerfi þegar lítið er til bæði líffræðilegra og efnahagslegra þátta þrátt fyrir að enn standi deilur um félagsleg sjónarmið kerfisins. Núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi náði þó ekki ekki að verða líffræðilega sjálfbært og efnahagslega traust á einni nóttu heldur hefur það þróast smám saman með nokkrum mikilvægum áföngum.

Í skýrslu alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins McKinsey & Company frá árinu 2012 er fjallað um Ísland og framtíðar vaxtarmöguleika þess. Í skýrslunni er stærstu skref í þróun núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis Íslendinga rakin út frá líffræðilegum, efnahagslegum og félagslegum sjónarmiðum.

Líffræðileg sjónarmið	Efnahagsleg sjónarmið	Félagsleg sjónarmið
<ul style="list-style-type: none"> • Sér efnahagslögsaga • Leyfður heildaraflí 	<ul style="list-style-type: none"> • Viðskiptafrelsi • Framseljanlegir einstaklingsbundnir aflakvótar 	<ul style="list-style-type: none"> • Auðlindaskattur

Mynd 1. – Þróun fiskveiðikerfis íslendinga út frá líffræðilegum, efnahagslegum og félagslegum sjónarmiðum.

Heimild: (McKinsey, 2012).

Líffræðileg sjónarmið:

Eins og sjá má á mynd 1 var fyrsta skref í átt að núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi stigið þegar fiskveiðilögsaga Íslands var færð í 200 mílur árið 1975. Við það færðust okkar mikilvægustu fiskistofnar undir einangraða stjórn sem gerði stjórnvöldum kleift að innleiða stjórnunarkerfi fyrir íslenskan sjávarútveg (Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979). Hrun nokkurra mikilvægra fiskstofna varð svo til þess að innleidd voru lög um leyfðan heildarafla svo hægt væri að skapa líffræðilega sjálfbærni. Árið 1984 var þannig aflamarkskerfið tekið upp, sem í daglegu tali er nefnt kvótakerfi. Aflamarkskerfið felur í sér fiskveiðistjórn sem byggist á úthlutun aflakvóta til einstakra skipa á grundvelli aflareynslu.

Í upphafi voru lög um stjórn fiskveiða lögleidd til eins árs en síðan framlengd í þriggja mánuðum með nokkrum breytingum, allt þar til að núverandi lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 tóku gildi. Meginmarkmið laga um stjórn fiskveiða er að vernda og stuðla að hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja þannig atvinnu og byggð í landinu. Samkvæmt lögum og ráðgjöf frá Hafrannsóknarstofnunar Íslands gefur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra út leyfðan heildarafla fyrir hvert ár, frá 1. september til 31. ágúst næsta árs. Fiskveiði kvóti hvers árs er einnig gefin út í samræmi við viðmiðunarreglur Matvæla- og landbúnaðarstofnunnar Sameinuðu þjóðanna (FAO) um ábyrga fiskveiði (Lög um stjórn fiskveiða nr. 116/2006).

Efnahagsleg sjónarmið:

Samhliða ofangreindum breytingum var svo í nokkrum skrefum veitt meira frjálsræði í viðskiptum með fisk. Breytingar á lagaramma sjávarútvegs árið 1990 urðu til þess að kerfi útflutningsleyfa var afnumið og til urðu fiskmarkaðir. Breytingunum fylgdi innleiðing framseljanlegs einstaklingsbundins kvóta sem þýddi að fyrirtæki gátu nú selt kvóta, verðtryggt hann og framselt milli félaga. Enn fremur var kvótinn ekki tengdur notkun aðfanga, t.d. vinnuafis eða fjármagns, og letur því til ofnýtingar. (Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990). Í efnahagslegu samhengi munaði þó mest um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES-

samninginn) sem öðlaðist gildi í byrjun árs 1994. EES-samningur aflagði nokkrar eftirstandandi viðskiptahindranir sem heimiluðu sjávarútvegi að selja hæstbjóðanda (McKinsey, 2012).

Félagsleg sjónarmið:

Þrátt fyrir að íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið hafi sannað tilgang sinn útfrá líffræðilegri og efnahagslegri sjálfbærni eru deilur frá félagslegu sjónarmiði um hversu sanngjarnt kerfið er enn háværar.


Annars vegar eru það gagnrýnendur kerfisins sem benda helst á þrjá þætti sem neikvæðar hliðar kerfisins. Í fyrsta lagi að úthlutun kvótans hafi verið til fyrirtækja og einstaklinga með veiðireynslu fyrri ára og þar með hafi innkoma nýliða verið takmörkuð í kerfinu sem og að auðlindaleigu hafi ekki verið krafist í upphafi. Í öðru lagi að auðlindir sjávar séu sameiginleg auðlind þjóðarinnar en ekki ákveðinna fyrirtækja eða einstaklinga. Í þriðja lagi að kvótakerfið hafi haft verulega byggðaröskun í för með sér allt í kringum landið (Birgir Þór Runólfsson, 1999).

Hins vegar eru þeir sem vilja halda hinu gagnstæða fram þ.e.a.s. að fiskveiðistjórnunarkerfið eins og það er uppbyggt í dag hafi einmitt styrkt félagslega þætti sem snúa að kerfinu. Hafa þeir bent á að í upphafi þegar að aflaheimildum var úthlutað hafi 56% þeirra verið úthlutað til ríkis og sveitarfélaga þar sem margar bæjarútgerðir hafi verið á þessum tíma um allt land sem og að ríkið hafi einnig átt eignarhluti í útgerðum eins og t.d á Siglufirði (Fiskistofa, 2004). Með sölu og gjaldþrotum bæjarútgerða og með frjálssu framsali sem var innleitt 1990 hafi aflaheimildir gengið kaupum og sölum milli aðila og nýjar útgerðir komið til sögunnar (Óli Björn Kárason, 2015).

Talsmenn núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis hafa bent á að ríkið fari með fullveldisrétt þjóðarinnar í að halda utan um auðlindir sjávar og úthluti nýtingarrétti á þeim, þannig að ríkið, fyrir hönd þjóðarinnar, úthluti aflaheimildum og innheimti í dag auðlindagjald fyrir nýtingu á þeim. Með þessum hætti nær þjóðin að hámarka arð sinn af auðlindinni en um leið eru þeir sem nýta auðlindina gerðir ábyrgir fyrir því að umgangast hana með þeim hætti að hún sé sjálfbær til lengri tíma, en sé það hagur beggja, bæði þjóðarinnar og þeirra sem nýta auðlindina, að á hana sé ekki gengið með ósjálfbærum hætti (Hannes Hólmsteinn Gissurason, 2015).

Við þriðju rökunum hafa talsmenn kerfisins einnig bent á þá staðreynd að stöðugleiki hafi komist í byggðum landsins með tilkomu kerfisins og framsalsins og það hafi í raun byggt upp atvinnugrein allt í kringum landið sem byggir á sjálfbærum og ábyrgum veiðum þar sem

nýtingarréttur þeirra sem nýta auðlindina hefur tryggt í sessi traustari og sterkari fyrirtæki heima í héraði (Alþingi, 2011).



Mynd 2. – Hreyfing aflaheimilda milli landsfjórðunga frá 2003 – 2015. Heimild: (Jens G. Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, munnleg heimild, 24. Mars, 2016).

Á mynd 2 má sjá hreyfingu aflaheimilda milli landsfjórðunga frá 2003 – 2015. Stjórnvöld á hverjum tíma hafa með ýmsum hætti reynt að bregðast við kröfum um aukna nýliðun. Í dag fara um 5,3% af öllum aflaheimildum í svokallaða potta (Reglugerð um úthlutun byggðarkvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2015/2016 nr. 604/2015). Inn í þessum pottum eru t.d strandveiðar, en árið 2009 samþykkti alþingi frumvarp sem leyfði notkun smábáta við strandveiðar, með ólympísku skipulagi fiskveiða (Reglugerð um leyfisskildar frístundaveiðar nr. 549/2009). Inn í þessum svokölluðu pottum eru líka byggðakvóti, sérstakur byggðakvóti Byggðastofnunar, línutvöföldun, rækju – og skelfiskbætur, veiðar fyrir áframeldi sem og kvóti fyrir frístundaveiðar (Fiskistofa, e.d.). Af ofantöldu má sjá að ákvarðanir um auðlindanýtingu er ekki einungis teknar út frá efnahagslegum eða hagkvæmnissjónarmiðum heldur einnig félagslegum sjónarmiðum.

Umhverfisfræðingurinn Garrett Hardin skrifaði grein í blaðið Science árið 1968 sem hann kallaði “Tragedy of the commons” en þar talar hann um að ef eignarréttur er ekki skýr og/eða að enginn er ábyrgur fyrir ákveðnum auðlindum þá verði það á endanum allratap þar sem ofnýting, ofveiði í tilfelli fiskveiða, muni á endanum eyðileggja auðlindirnar og allir tapi (Hardin, 1968). Hafa talsmenn núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis bent á að þetta hafi gerst fyrir tilkomu kerfisins og þess vegna hafi það verið sett á og með því hafi komist á sjálfbært

kerfi sem byggist á ábyrgri stýringu og að hagsmunir þeirra sem nýta og eigandana auðlindarinnar, þjóðarinnar, fari saman til lengri tíma (Hannes Hólmsteinn Gissurason, 2015).


Samkomulag um fiskveiðistefnu sem gert er á breiðari grundvelli og er til langs tíma myndi vera hagsmunaaðilum mikill ávinningur. Að dregið sé úr óvissu stuðlar að langtímastefnumótun og fjárfestingaráætlunum og dregur auk þess úr því að auðlindum sé sóað með rentusókn og öðru sem ekki stuðlar að verðmætum.

2.5 Íslenskur sjávarútvegur, efnahagslegt vægi og útflutningur

Í kaflanum er efnahagslegu vægi íslensk sjávarútvegs og útflutningi íslenskra sjávarafurða gerð skil. Í kaflanum er einnig farið yfir þær breytingar sem átt hafa sér stað í virðisikeðju greinarinnar og áhrif þeirra breytinga skoðuð með tilliti til afurðavottanna og umhverfismerkinga.


Íslenskur sjávarútvegur hefur lengi gegnt lykilhlutverki í íslensku efnahagslífi og er einn mikilvægasti útflutningsatvinnuvegur okkar Íslendinga. Gjaldeyrirtekjurnar sem sköpuðust fyrir á 20. öldinni voru hrein lífæð fyrir íslensk þjóðarbú sem var með mjög takmarkaða framleiðslu á helstu nauðsynjum (Jón Þ. Þór, 2002). Mikilvægi sjávarútvegsins til íslensks efnahagslífs hefur minnkað og er því íslenskt efnahagslíf ekki eins næmt fyrir sveiflum í sjávarútvegi sem eru tölverðar, bæði náttúrulegar- og markaðslegar sveiflur. En þó að vægi sjávarútvegsins hafi minnkað eru áhrif atvinnugreinarinnar enn töluverð. Árið 2014 voru veiðar og vinnsla samtals 8,4% af vergri landsframleiðslu, samanborið við 9,4% meðaltal á árunum 1997-2014 (Hagstofa, e.d.-a).

Atvinnustarfsemi byggð á sjávarútvegi með beinum og óbeinum hætti er margbreytileg og nær m.a. til iðnaðar, rannsóknarstarfsemi, flutninga, verslunar og þjónustu. Árið 2014 störfuðu samtals í aðal- og aukastarfi við bæði veiðar og vinnslu alls 9.500 manns. Þessi störf voru að stærstum hluta utan höfuðborgarsvæðisins eða alls 82% (Hagstofa, e.d.-b) og voru 931 fyrirtæki skráð í úrtak Hagstofunnar við að meta afkomu sjávarútvegsins árið 2014 (Hagstofa, e.d.-c).



Mynd 3.- Hlutfall sjávarafurða af heildarútflutningi Íslands 1999-2014. Heimild: (Hagstofa Íslands, e.d.-d).

Útflutningstekjur af sjávarútvegi vega enn mjög þungt í vöruskiptajöfnuði Íslands og hafa frá 2009-2014 verið tæplega helmingur. Árið 2014 voru útflutningstekjur sjávarútvegsins samtals 244 milljarðar íslenskra króna sem var alls 41% af heildarútflutningi Íslands það ár. Árið 1999 voru útflutningstekjur sjávarútvegsins alls 67% af heildarútflutningi Íslands eins og sjá má á mynd 3 (Hagstofa, e.d.-d).



Mynd 4. – Heildarafli og útflutningsverðmæti 1999-2014. Heimild: (Hagstofa Íslands, e.d.-d, e.d.-e, e.d.-f).

Á mynd 4 má sjá að útflutningsverðmæti hafa aukist um 12% frá árinu 1999 en aftur á móti hefur afli dregis saman um tæplega 40%. Árið 1999 var heildarafli Íslands 1,7 milljónir tónna en var komin niður í rúmlega eina milljón tónna árið 2014. Það þýðir að íslenskur sjávarútvegur er að skapa meiri verðmæti út úr hverju kíló upp úr sjó (Hagstofa Íslands, e.d.-d, e.d.-e, e.d.-f). Tölur Hagstofunnar ná ekki lengra en þessi þróun var þó byrjuð fyrr. Aukin verðmætasköpun


er fyrst og frems drifin áfram af tækni framförum og meiri þekkingu innan allra virðiskeðjunnar. Virðisikeðjan nær allt frá veiðum til markaðsetningar.



Mynd 5 – Virðisikeðja í sjávarútvegi

Þar sem að íslenskt efnahagslíf hefur verið háð sjávarútvegi hefur það ýtt undir hagræðingu í greininni. Ein af þeim hagræðingum hefur verið að stór hluti íslensk sjávarútvegs er rekinn með lóðréttri samþættingu (e. vertical intergration) (McKinsey, 2012). Með hugtakinu lóðrétt samþætting er átt við að fyrirtæki eru bæði starfandi í veiðum og vinnslu og stjórnar fyrirtækið þannig fleiri en einum hlekk í virðisikeðjunni (Dawson, 2003).

Á mynd 6 má sjá þrjár mismunandi samsettar virðisikeðjur. Í efstu virðisikeðjunni eru allar einingar sjálfstæðar. Í annari keðjunni má sjá þá breytingu sem verður þegar framleiðslu- og samsetningarfyrirtækin sameinast, og í þeirri þriðju breytinguna sem verður þegar samsetningar- og dreifingarfyrirtækin sameinast. Í þeim tveimur síðarnefndu er talað um átt hafi sér stað lóðrétt samþætting (Sveinn Agnarsson, o.fl., 2011).



Mynd 6. – Mismunandi virðisikeðjur. Heimild: (Sveinn Agnarsson, o.fl., 2011).

Í grein sinni The nature of the firm fjallar Ronald Coase um tvær meginástæður þess að reka fyrirtæki með lóðréttri samþættingu. Er það í fyrsta lagi til að lágmarka þann viðskiptakostnað sem felst í nýtingu markaðskerfa, og í öðru lagi til að komast yfir lykileiningar virðisikeðjunnar

eins og hráefni til að styrkja samkeppnisstöðu (Coase, 1937). Upplýsingar og flæði upplýsinga eru mikilvægur þáttur í virðiskeðju sjávarútvegs. Upplýsingar á borð við framboð og eftirspurn, nýjungar á markaði og hegðun neytenda eru stór liður í því að framleiðendur geti með góðum hætti skipulagt framleiðslu sína og mætt kröfum neytenda sinna með sem bestum hætti (Hennessy, 1996).

Hvergi í heiminum hefur tekist eins vel að hámarka þau verðmæti sem aðgangur að gjöfulem fiskimiðum skapar eins og tekist hefur í íslenskum sjávarútvegi. Fjölmargar ástæður liggja að baki þeim árangri, en hann má þó að stórum hluta skýra með getu íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja til að komast hjá þeim náttúrulegu hindrunum sem felast í nýtingu villtra stofna sem og með getu iðnaðarins við að laga sig að kröfum markaðarins (Daði Már Kristófersson, 2013). Lóðrétt samþætting í íslenskum sjávarútvegi hefur skilar sér í kostum eins og stöðugleika í framboði á afla og bætt gæði við vinnslu afurða. Stærsti kosturinn við lóðréttu samþættingu hefur þó verið í formi þjónustu við neytendur. Fá dæmi eru um sjávarútveg sem uppfyllir eins vel óskir markaðarins um eiginleika vörunnar og hefur íslenskum sjávarútvegi tekist betur til en öðrum þjóðum að gerast markaðsdrifinn (Daði Már Kristófersson, 2013). Með því að ná stærstum hluta virðiskeðjunnar hefur það gert sjávarútvegsfyrirækjum betur kleift að aðlagast að þörfum neytandans þar sem allar boðleiðir innan keðjunnar eru styttri. Það hefur skilað sér í sveiganlegri framleiðsluáferðum (Mckinsey, 2012). Með markaðsdrifinn sjávarútveg er neytandinn sem stjórnar ferðinni og eru umhverfissvottanir einn liður í því.

2.6 Markaðir fyrir íslenskar sjávarafurðir


Í kaflanum er stutt samantekt á mörkuðum fyrir íslenskar sjávarafurðir með það fyrir augum að skoða mikilvægi villts sjávarfangs bæði á Íslandi sem og á heimsvísu. Í því tilliti verður byrjað á að skoða þróun og spár sjávarafurða á heimsvísu og því fylgt eftir með samantekt á helstu útflutningslöndum íslenskra sjávarafurða.

2.6.1 Sjávarafurðir á heimsvísu

Hröð fólksfjölgun jarðarinnar er staðreynd en samkvæmt spám Sameinuðu Þjóðanna mun fólksfjöldi verða kominn í 9,3 milljarða árið 2050. Allt þetta fólk þarf að fæða en prótín frá sjávarafurðum er ein mikilvægasta prótín uppspretta sem til er. Nú þegar eru ýmis framleiðslusvæði komin að þenslumörkum og því ljóst að sjálfbær nýting náttúruauðlinda er ein af lykil forsendum þess að hægt verði að fæða mannkynið til lengri tíma. Neysla sjávarafurða á heimsvísu hefur aukist jafnt og þétt síðust fimm áratugi og hefur aldrei verið meiri en nú. Meðaltals neysla sjávarafurða á heimsvísu nemur nú um 18,9 kg. á mann á ári og

hefur aukist um 3,1 kg á mann frá árinu 2000. Áætlar Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna að neysla sjávarafurða muni aukast enn næstu árin og að árið 2023 muni neysla sjávarafurða á heimsvísu verða komin að meðaltali upp í 20,9 kg. á mann (FAO, 2014).

Samkvæmt spám FAO frá árinu 2012 til ársins 2022 mun nær öll aukning sjávarafurða koma úr eldi, sem mun þá vaxa um 30%, á móti 2% vexti í hefðbundnum veiðum. Þá gerir Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna ráð fyrir að verð sjávarafurða á veiddum afurðum muni hækka um 39% fram til ársins 2023 á meðan verð á eldisafurðum muni hækka um 33% (OECD-FAO, 2014).




Mynd 7. – Framleiðsla sjávarafurða á heimsvísu – þróun og spár. Heimild: (OECD-FAO, 2014).

Á mynd 7 má sjá heildarframleiðslu sjávarafurða á heimsvísu auk spár Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna um þróun til ársins 2021. Á meðan að hefðbundnar veiðar hafa að miklu leyti staðið í stað hefur vaxandi eftirspurn eftir fiski á heimsvísu að stórum hluta verið knúin af fiskeldi. Eftirspurn eftir sjávarafurðum hefur sannarlega farið vaxandi, og mun aukast samhliða fjölgun mannkyns. Þegar litið er til þróunar veiða og eldis má sjá að árið 1988 voru veidd 87 milljónir tonna af sjávarafurðum og var framleiðsla úr fiskeldi 12 milljónir tonna. Árið 2013 nam veiddur afli u.þ.b. 160 milljónum tonna og framleiðsla úr eldi 66 milljónum tonna eða sem nemur 41% alls sjávarfangs. Fiskur framleiddur í fiskeldi er þegar orðið um helmingur þess fisks sem neytt er í heiminum og áætlað er að hlutur fiskeldis verði orðinn 49% árið 2023 (OECD-FAO, 2014).

Í ljósi síaukinnar eftirspurnar eftir sjávarafurðum samhliða fjölgunar mannkyns hefur aldrei verið eins mikilvægt og nú að fiskveiðar séu stundaðar á sjálfbæran og ábyrgan hátt þannig að komandi kynslóðir mannkyns fái notið sömu gæða og við sem nú nýtum auðlindir sjávar.

2.6.2 Útflutningslönd

Árið 2015 náði flutningur íslenskra sjávarafurða til 97 landa (Hagstofa, 2015) og námu flutningsverðmæti þeirra afurða alls 264,5 milljörðum íslenskra króna (Hagstofa, e.d.g).




Mynd 8. - Útflutningsverðmæti helstu tegunda eftir löndum á árinu 2014 (ma. kr.). Heimild:(Íslandsbanki, 2015).

Á mynd 8 má sjá 15 helstu viðskiptaþjóðir Íslands á sviði sjávarafurða árið 2014 en flutningur til þessara landa náði yfir um 90% af heildarverðmætum útfluttra sjávarafurða á árinu 2014.


Bretland er lang stærsti kaupandi íslenskra sjávarafurða, en árið 2014 námu útflutningsverðmæti sjávarafurða til Bretlands 40,6 milljörðum kr. sem telur um 17% af heildarverðmætum útfluttra sjávarafurða. Næst á eftir Bretlandi kemur Rússland en þangað voru fluttar sjávarafurðir fyrir um 24 milljarða. kr. eða sem nemur um 10% af heildarverðmætum af útflutningi sjávarafurða. Á eftir Bretlandi og Rússlandi eru stærstu viðskiptalöndin Spánn, Frakkland, Noregur og Nígería.

Þorskurinn hefur verið sú tegund sem skilar hvað hæstu verðmætum af þeim 264,5 milljörðum sem íslenskur sjávarútvegur skilaði, þar af voru 98 milljarðar eingöngu frá þorskinum eða um 35%.



Mynd 9. – Útflutningsverðmæti þorsks afurða 2011-2015. Heimild: (Hagstofa, e.d.-g; Hagstofa, 2015).

Afurðir þorsks vega lang þyngst í verðmætasköpun á íslenskum sjávarafurðum og eru vörutegundirnar einnig mjög fjölbreyttar. Allt frá því að vera þurrkaðir þorskhausar til Nígeríu eða ferskir þorskhnakkar á veitingastað í London. Íslenskar sjávarafurðir rata því á fjölmarga markaði. Íslenskur sjávarútvegur vegur stórt í hagtölum Íslands eins og áður hefur komið fram, en einnig vegur hann þungt í innflutningi hjá stærsta útflutningslandinu okkar Bretlandi. Árið 2013 og 2014 var íslenskur þorskur á toppnum sem mest innflutti þorskurinn til Bretlands (Marine Management Organisation, 2015).



Mynd 10 – Stærstu útflutningslöndin af þorskafurðum 2013-2015. Heimild: (Hagstofa, e.f.h og Hagstofa, 2015).

Á mynd 10 má sjá stærstu kaupendur íslenskra þorskafurða. Spánn og Portúgal eru stórir kaupendur af söltuðum afurðum og Nígería af þurrkuðum og hertum afurðum. Bretland, Frakkland og Bandaríkin, sem stækka verulega á milli árunna 2014 og 2015, eru stórir kaupendur af ferskum og frostnum þorsk afurðum.

3 Umhverfissvottanir í íslenskum sjávarútvegi

Kafli þessi fjallar um þróun og stöðu umhverfissvottana í íslenskum sjávarútvegi. Í kaflanum er greinagóð samantekt á nýlegri rannsókn norskra vísindamanna þar sem farið er yfir þær leiðir sem Íslendingar hafa kosið að fara varðandi vottunarmál í sjávarútvegi. Inniheldur kaflinn einnig kynningu á algengustu umhverfismerkjum í íslenskum sjávarútvegi, Marine Stewardship Council (MSC) og íslenska merkinu Iceland Responsible Fisheries (IRF).

Aukin áhersla á sjálfbærar sjávarafuðir hefur orðið til þess að skapa markað þar sem eftirspurn eftir sjávarfangi, vottuðu af þriðja aðila, verður sífellt fyrirferðameiri. Þrátt fyrir að merki Marine Stewardship Council (MSC) sé bæði langsamlega stærst og best þekkt í því tilliti, hafa margar þjóðir valið að staðfesta sjálfbærni fiskveiða sinna með öðrum hætti. Ísland er ein þeirra þjóða sem valdi að koma á fót nýju, óháðu landsbundnu vottunarkerfi, í stað þess að nota tiltækt alþjóðlegt vottunarkerfi. Nýtt íslenskt umhverfismerki var tekið í notkun árið 2008 undir nafninu Iceland Responsible Fisheries (IRF). Brautargengi IRF gekk þó ekki sem skildi og fóru íslensk sjávarútvegsfyrirtæki í auknum mæli að sækja sér vottun MSC þrátt fyrir að vottun IRF væri til staðar.

Lítið hefur borið á fræðilegri umfjöllun um hvaða hugsanlegu ástæður liggja að baki ákvörðun sjávarútvegsfyrirtækja eða þjóða við val á mismunandi umhverfissvottunum. Til að varpa ljósi á þá umræðu gerðu norskir vísindamenn gagnrýna samanburðagreiningu á íslenskum- og norskum sjávarútvegi varðandi val á umhverfissvottunum (Kvalvik, Nestvold og Young, 2014). Greinin sem um ræðir kom út árið 2014 og ber nafnið „*National or supranational fisheries sustainability certification schemes?*“, sem gæti verið þýtt sem „Landsbundin eða yfirþjóðleg vottunarkerfi fyrir sjálfbærar fiskveiðar?“. Er í greininni farið yfir helstu ástæður þess að Íslendingar stofnuðu merki IRF, í stað þess að velja annað tiltækt umhverfismerki.

Mikil togstreita hefur ríkt milli hagsmunaaðila merkjanna tveggja hér á landi en til að fá aukinn skilning á því hvað liggur að baki þeirri togstreitu verða helstu niðurstöður norsku rannsóknarinnar dregnar saman hér neðan.

Íslenska leiðin

Það sem norska rannsóknin leiddi í ljós var að á Íslandi var mikill vilji fyrir landsbundinni stýringu og almenn tregða til að lúta stöðlum og ferlum annarra. Enn fremur hafði atvinnugreinin mikla trú á markaðsvirði íslensks uppruna og vildu því sameina upprunamerki, sem ekki var til, og sjálfbærni staðal. Einnig var greint frá því að þessi vilji fyrir landsbundið vottunarkerfi endurspegladi fyrri deilur við eina af þeim stofnunum sem höfðu átt hlut í að stofna MSC, þ.e. Alþjóðlega náttúruverndarsjóðinn (WWF), einkum vegna ólíkra stefnumála þeirra varðandi hvalveiðar. Einnig var hár kostnaður við MSC tiltekinn sem mikilvægt atriði. Enginn nefndi að innihald áætlunarinnar sem slíkrar eða forsendurnar fyrir vottun væru teknar til athugunar eða hluti af umræðunum (Kvalvik, Nestvold og Young, 2014).

Markaðseftirspurn vóg þungt í ákvörðun Íslendinga um að gera nýtt upprunamerki og landsbundið sjálfbærni kerfi. Enn fremur kemur fram að markaðseftirspurn hafi án efa verið ástæða nokkurra íslenskra útflutningsfyrirtækja til að verða sér úti um vottun frá MSC (eftir tilkomu IRF). Þannig hafi útflutningsfyrirtækin reynt að lágmarka áhættuna við að glata markaðsaðgengi, bæði að því er varðar smásala í Bretlandi sem og á aðra markaði sem gera kröfu á MRC vottun (Kvalvik, Nestvold og Young, 2014).

Í greininni segir jafnframt að þó það kunnist að hljóma mótsagnakennt, virðist sem þrýstingur frá hagsmunahópum á borð við frjáls félagasamtök á sviði umhverfismála hafi hvatt til þess að í íslenskum iðnaði hafi verið lögð áhersla á landsbundna áætlun frekar en að velja MSC, (aðallega á þeim grundvelli að MSC væri afsprengi Alþjóðlega náttúruverndarsjóðsins). Þá kemur fram að ekkert þeirra íslensku fyrirtækja sem rætt var við hafi haft áhyggjur af því að orðstír íslenskra sjávarafurða myndi hljóta hnekki vegna þeirrar ákvörðunar að innleiða ekki vottun MSC (Kvalvik, Nestvold og Young, 2014).

Með því að sameina uppruna og orðstír íslenskra sjávarafurða í landsbundnu vottunarkerfi var talið að af hlytist hagnaður sem myndi nýtast Íslandi á beinan hátt. Áhuga vekur að íslenskar raddir tjáðu einnig þær áhyggjur að ef orðstír þeirra yrði felldur undir alþjóðlegt og almennt merki MSC gæti það leitt til gagnrýni og vantrausts ef önnur aðildarríki MSC myndu gerast sek um afglöp. Þannig gæti vottun MSC reynst tvíeggjað sverð, en hinn háí kostnaður sem talið er fylgja aðild að MSC myndi enn sem áður vera til staðar (Kvalvik, Nestvold og Young, 2014).

Þá kom fram að álit greinarinnar hefði verið á þá leið að ef starfað yrði samkvæmt landsbundinni áætlun væri hægt að hafa meiri og hnitmiðaðri stjórn á slæmri kynningu og eins

að hægt yrði að nýta góðan orðstír íslenskra afurða með betri hætti (Kvalvik, Nestvold og Young, 2014).

Telja norskir greinahöfundar þá staðreynd að stærstu sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi séu rekin með lóðréttri samþættingu ætti að kalla á samþættari viðbrögð á hinum ýmsu stigum virðiskeðjunnar, allt frá fiskiskipi til útflutningsfyrirtækisins. Telja greinarhöfundar fyrrgreind viðbrögð hugsanlega ástæðu þess að náðst hafi stuðningur innan greinarinnar til að koma á landsbundinni vottunaráætlun. Því það að hunsa (a.m.k. tímabundið) stór, alþjóðleg félagasamtök á sviði umhverfismála eins og MSC krefjist samheldni, styrks og trausts á markaðnum. Þá er fjallað um að þau fyrirtæki sem að lokum hafi talið nauðsynlegt að hafa einnig vottun MSC, virðast aðallega hafa verið útflutningsfyrirtæki og að sú vottun hafi eingöngu verið sótt fyrir þá viðskiptavinum sem gerðu kröfu um MSC vottun. Telja greinahöfundar að þó enn sé deilt um raunveruleika slíkra fullyrðinga hafi fyrsta útflutningsfyrirtækið sótt um MSC vottun fyrir þorsk árið 2010, og eftir það hafi ferlið stigmagnast þannig að nú séu tugir íslenskra fyrirtækja með vottun frá MSC (Kvalvik, Nestvold og Young, 2014).

3.1 Marine Stewardship Council

Marine Stewardship Council (MSC) eru alþjóðleg samtök stofnsett af Alþjóðanáttúruverndarsjóðnum (WWF) og matvælarisanum Unilever árið 1997. Samtökin sem ekki eru rekin á hagnaðargrundvelli (e. nonprofit organisation) voru gerð sjálfstæð árið 1999. Tilgangurinn með stofnun samtakanna var að þrýsta á um umbætur í fiskveiðistjórnun og þannig breyta verslun og auka eftirspurn eftir sjávarfangi úr sjálfbærum veiðum (Marine Stewardship Council, e.d.)



il.

MSC er eitt stærsta og þekktasta vottunarfyrirtækið í heiminum í dag sem metur afurðir úr villtum fiskistofnum. Vottun MSC gengur út á að staðfesta sjálfbærni fiskveiða en samtökin reka bæði vottunarkerfi og eru með skrásett vörumerki fyrir afurðir úr vottuðum fiskistofnum. Staðlar MSC eru unnir samkvæmt siðareglum Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna (FAO) og leiðbeiningum FAO um umhverfismerkingar og vottun vegna veiða úr villtum stofnum (Marine Stewardship Council, e.d.).

Staðlar MSC þýða að gerð er hlutlæg vottun faggilts þriðja aðila, sem þó hefur samþykki MSC, sem nýtir til vísindaleg gögn í ferli sem er gagnsætt og felur í sér þátttöku hagsmunaaðila.

Í vottunarferli MSC er farið fram á athugun á:

- Hvort sá stofn sem veitt er úr sé sjálfbært nýttur
- Hvort fiskveiðistjórnunarkerfið geti skilað tilætluðum árangri
- Hvort veiðarnar hafi skaðleg áhrif á aðrar tegundir dýra og vistkerfið í heild sinn (Marine Stewardship Council, e.d.).

Samkvæmt MSC er vottun samtakanna til þess fallin að veita aðilum sem stunda sjálfbærar- og umhverfisvænar veiðar markaðsforskot á þá sem það gera ekki. Vottuninni er þannig ætlað að vekja kaupendur og neytendur sjávarafurða til vitundar um mikilvægi sjálfbærra fiskveiða og búa þannig til eftirspurn eftir vottuðum sjávarafurðum. Þannig nái vottaðar veiðar forskoti á markaði um leið og til verður hvati fyrir aðra að verða sér úti um vottun og stunda sjálfbærar veiðar (Marine Stewardship Council, 2011).

Samtökin bjóða upp á tvenns konar vottun, þ.e. vottun fyrir sjálfbærar fiskveiðar og vottun á rekjanleika. MSC-rekjanleikavottun (e. MSC Chain of Custody certification) staðfestir að hráefni og afurðir eru upprunnar úr sjálfbærum fiskistofnum. Með rekjanleikavottun staðfestist að hin vottuðu fyrirtæki viðhafi gæðastýringu sem tryggir aðgreiningu MSC-vottaðra fiskafurða frá öðrum hráefnum og afurðum á öllum stigum, þ.e. við móttöku hráefna, meðferð þeirra og flutning, auðkenningu í skráningarkerfum, merkingum á umbúðum og viðskiptaskjölum. Rekjanleikavottun samkvæmt staðli MSC gerir vottuðu fyrirtækjum þannig kleift að afla hráefnis og afurða úr MSC-vottuðum fiskveiðum og fiskistofnum, vinna frekar og markaðssetja með tilvísun til sjálfbærra sjávarnytja undir vörumerki Marine Stewardship Council (Marine Stewardship Council, 2015).

Vottanir MSC eru framkvæmdar af óháðum vottunarstofum og greiða umsækjendur þeim vottunarstofum fyrir mat. Á Íslandi er Vottunarstofan Tún eina fyrirtækið sem getur tekið íslensk fyrirtæki út samkvæmt MSC staðli. Ekki er greitt árgjald fyrir notkun merkisins en kostnaður felst í árlegum úttektum. Sá kostnaður er hins vegar greiddur til vottunarstofu og rennur ekki til ráðsins.

Alls eru nú rétt tæplega 300 fiskveiðisvæði frá 36 löndum opinberir þátttakendur í MSC kerfinu. Telur árlegur afli úr vottuðum veiðum merkisins tæplega tíu milljónir tonna á ári sem er um

11% af heimsveiðum á villtum fiski. Í október 2015 báru um 20 þúsund vörunúmer umhverfismerki MSC og nær sala þeirra til yfir 100 landa (Marine Stewardship Council, 2015).

Fyrsta umhverfisvottun MSC var veitt íslensku fyrirtæki árið 2011 vegna handfæra-, línu- og dragnótaveiða á þorski og ýsu. Fjöldi íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja fylgdu í kjölfarið, en árið 2012 stofnuðu þeir útflytjendur og framleiðendur sem nýtt höfðu sér MSC vottun, félagið Iceland Sustainable Fisheries (ISF). Tilgangur ISF er að afla vottana gagnvart staðli MSC, á veiðarfæri og fiskistofna sem nýttir eru við Ísland. Félagið er ekki rekið á hagnaðargrundvelli og eru aðildargjöld nýtt til greiðslu þeirra vottunarstofa sem framkvæma mat á fiskistofnum, veiðarfærum og fiskveiðistjórnun samkvæmt MSC staðlinum (Iceland Sustainable Fisheries, e.d.).

Samkvæmt samþykktum ISF er félagið opið öllum þeim sem óska eftir aðild en til að gerast aðili að ISF þarf félag að gera hluthafasamkomulag við ISF og greiða fyrir hlutaféð 1.765.000 ISK. Að því loknu hefur nýtt félag öðlast aðild að fiskveiðiskírteinum í eigu ISF og má selja vöru úr landi sem MSC vottaða. Árlegt aðildargjald til aðildarfélaga nemur svo 1.200.000 ISK. á ári en samkvæmt upplýsingum frá félaginu eru hluthafar ISF nú 43 talsins (Iceland Sustainable Fisheries, e.d.).

3.2 Iceland Responsible Fisheries

Ábyrgar fiskveiðar (ÁF) er sjálfseignastofnun sem á og rekur verkefnið Iceland Responsible Fisheries (IRF). Verkefni ÁF snúa að kynningu á uppruna íslenskra fiskafurða og vottun ábyrga fiskveiða Íslendinga ásamt rekstri vörumerkja um bæði upprunamerkingu og umhverfisvottun. Þessir tveir hlutar eru þó aðskildir og geta fyrirtæki nýtt sér upprunamerki IRF án þess að hafa umhverfisvottun (Iceland Responsible Fisheries, e.d.a).



Mynd 12. – Merki Iceland Responsible

Íslenska upprunamerkið Iceland Responsible Fisheries (IRF) var tekið í notkun árið 2008 að frumkvæði aðila í íslenskum sjávarútvegi. Aðdragandi að tilurð merkisins nær til ársins 2007 þegar yfirlýsing um ábyrgar fiskveiðar Íslendinga var gefin út sem svar við kröfum markaða um sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda. Yfirlýsinguna undirrituðu sjávarútvegsráðherra, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar, fiskistofustjóri og formaður Fiskifélag Íslands, en tilgangur

hennar var að upplýsa kaupendur um hvernig stjórnun fiskveiða er háttað á Íslandi og að sú stjórnun sé byggð á bestu vísindalegri þekkingu (Iceland Responsible Fisheries, 2012). Í framhaldi af því var ákveðið að auðkenna íslenskar sjávarafurðir sem unnar eru úr afla í íslenskri lögsögu með íslensku merki og fá vottun þriðja aðila á veiðum Íslendinga. Samið var við Global Trust Ltd. á Írlandi um samstarf á þróun vottunarferilsins. Fyrirtækið er óháður vottunaraðili og sérstaklega faggiltur af alþjóðlega viðurkenndum faggildingaraðila til að sinna vottun af þessu tagi (Iceland Responsible Fisheries, e.d.b).

Tilgangur merkisins er að tryggja kaupendum og neytendum upplýsingar um að íslenskar sjávarafurðir eigi uppruna sinn í ábyrgum fiskveiðum Íslendinga (IRF). Vottunarferli IRF er unnið samkvæmt ströngustu alþjóðlegu kröfum þar sem byggt er á siðareglum FAO um umhverfismerkingar og vottun veiða úr villtum stofnum.

Meginmarkmið með vottun Ábyrgra fiskveiða eru þrjúþætt:

1. Að standa vörð um alþjóðlega viðurkennd grundvallaratriði í stjórnun fiskveiða
2. Að staðfesta ábyrga stjórnun á veiðum íslenskra skipa innan íslenskrar efnahagslögsögu og úr deilistofnum
3. Að stuðla að samfélagslegri vitund og samkomulagi um mikilvægi ábyrgrar fiskveiðistjórnunar (Iceland Responsible Fisheries, e.d.-b).

Kostnaður við notkun merkis IRF er fólgin í skráningargjaldi upp á 90 þúsund ISK (EUR 600 eða USD 800) en skráningargjaldið gildir jafnframt sem greiðsla fyrir notkun á auðkenni vottunar þegar fyrirtæki hafa farið í gegnum rekjanleikavottun. Að skráningu lokinni greiða framleiðendur og útflytjendur íslenskra sjávarafurða hver um sig félagsgjald sem nemur 0,25 prómillum af FOB útflutningstekjum eða 250 ISK af hverri milljón. Greiða útflytjendur gjaldið af sínum tekjum án þess að rukka framleiðendur um það, en útreikningur félagsgjalda byggir á FOB útflutningsverðmæti síðasta almanaksárs (Iceland Responsible Fisheries, e.d.c).

Notendur upprunamerkis IRF.	
Ísland	66
Þýskaland	10
Bretland	8
Belgía	6
Bandaríkin	5
Svíþjóð	5
Frakkland	4
Kína	2
Portúgal	2
Sviss	1
Holland	1
Spánn	1

Skráðir notendur upprunamerkis IRF eru nú 111 talsins og nær notkun þess til 12 landa. Í töflu 1 má sjá fjölda skráðra notenda upprunamerkisins skipt eftir löndum (Iceland Responsible Fisheries, 2016).

*Tafla 1. Notendur upprunamerkis IRF skipt eftir löndum.
Heimild: (Iceland Responsible Fisheries, 2016).*

4 Aðferðafræði rannsókna

Höfundur framkvæmdi eigindlega rannsókn (e. qualitative research) á íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Í þessum kafla er fjallað um heimildavinna við gerð fræðikafla, eigindlegar aðferðir rannsóknarinnar, þau viðtöl sem framkvæmd voru og að lokum stöðu rannsakanda innan rannsóknarinnar og helstu annmarka hennar.

4.1 Heimildavinna

Við vinnslu á fræðikafla verkefnisins voru ýmis töluleg gögn skoðuð. Stuðst var við gögn Hagstofunnar til að skoða áhrif og efnahagslegt vægi íslensks sjávarútvegs sem og vægi sjávarútvegs til útflutnings. Þá voru tölulegar upplýsingar Hagstofunnar einnig notaðar til að skoða helstu markaðssvæði íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Rannsakandi notaðist einnig við ýmiss konar ritaðar heimildir, fræðibækur, ritrýndar greinar, lög og annað útgefið efni við vinnslu ritgerðarinnar.

4.2 Eigindlegar aðferðir

Rannsóknin er viðtalsrannsókn byggð á eigindlegri aðferðafræði þar sem notast var við einstaklingsviðtöl við að safna gögnum. Eigindleg aðferðafræði hentaði verkefninu vel þar sem markmið slíkra rannsókna er að öðlast dýpri skilning á viðfangsefninu ásamt því að ítarlegar upplýsingar á áliti, viðhorfi og reynslu þeirra sem rannsóknin beinist að (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

4.3 Viðtöl

Þýði rannsóknarinnar voru öll sjávarútvegsfyrirtæki á Íslandi. Úrtak rannsóknarinnar voru fjórir forsvarsmenn íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja. Við val á því úrtaki var notast við sjálfvalin úrtök en höfundur hafði góðan aðgang að breiðum hópi viðmælenda sem líklegir voru til að samþykkja viðtal.

Tekin voru fjögur viðtöl við stjórnendur íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja sem hlotið höfðu umhverfissvottun á vörur sínar. Ýmist var sendur tölvupóstur eða hringt beint í þá viðmælendur sem leitast var eftir að taka viðtöl við. Allir viðmælendur tóku vel í fyrirspurn um viðtal. Hluta viðtalanna framkvæmdi rannsakandi í gegnum síma sökum búsetu og mikillar fjarlægðar rannsakanda við viðmælendur. Hin voru tekin í höfuðstöðvum viðkomandi fyrirtækja. Viðtölin tóku að jafnaði frá 25 mínútum upp í eina klukkustund. Gögnum var safnað með hálf-opnum viðtölum, en það felur í sér að rannsakandi hafði sér til stuðnings opinn spurningaramma sem

hægt var að víkja frá. Þessi aðferð gefur kost á djúpum viðtölum með góðu flæði en opinn spurningarammi býður upp óvæntar stefnur í viðtali þar sem viðmælanda gefst gott rúm til að tjá skoðanir sínar á opinskáan hátt (Silverman, 2010). Lögð var áhersla á að spurningar væru opnar og sveigjanlegar og að orðalag væri ekki leiðandi.

Allir viðmælendur rannsóknarinnar eru framkvæmdastjórar þeirra fyrirtækja sem þeir starfa hjá. Viðmælendum var gert ljóst að viðtölin yrðu tekin upp. Jafnframt spurði höfundur hvort nafn viðkomandi einstaklings og fyrirtækisins sem hann starfaði fyrir mættu koma fram í rannsókninni. Ekki voru allir tilbúnir að láta nafn síns getið né þess fyrirtækis sem þeir starfa hjá og því verður gætt nafnleyndar um viðmælendur og fyrirtækin.

Við úrvinnslu gagna var notast við þemagreiningu en það þýðir að fyrst voru viðtölin afrituð nákvæmlega og síðan lesin yfir nokkrum sinnum í þeim tilgangi að afmarka áhugaverða þætti sem komu endurtekið fyrir í textanum (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Að því loknu voru þau meginþemu sem koma út úr viðtölunum tekin og flokkuð.

4.4 Staða rannsakanda innan rannsókna og helstu takmarkanir

Eins og áður hefur komið fram hefur höfundur nánast allan sinn starfsaldur starfað við sjávarútveg og er því nokkuð tengdur því viðfangsefni sem til umfjöllunar er. Höfundur vonar þó að tengsl hans og þekking á viðfangsefninu geti orðið verkefninu til framdráttar frekar en hitt og mun höfundur leitast við að halda gagnrýnni hugsun og gæta fyllsta hlutleysis.

Helstu takmarkanir ritgerðarinnar eru þær að aðeins er um fjögur viðtöl að ræða. Hafa ber í huga þegar framkvæma á eigindlegar rannsóknir að erfitt er að yfirfæra niðurstöður þeirra á stærri hópa eða aðrar aðstæður (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

5 Niðurstöður rannsóknar

Í kaflanum verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum rannsóknarinnar og sérstaklega lítið til þeirra niðurstaðna sem snúa að því að svara rannsóknarspurningunni sem lagt var upp með:

Hvaða þýðingu hafa afurðavottanir og umhverfismerkingar fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki.

5.1 Krafa frá mörkuðum

Þeir viðmælendur sem rætt var við voru sammála um að fyrirtæki þeirra hefðu ákveðið að fá sér vottun til þess að mæta kröfum markaðarins. Fastir kaupendur hefðu margir hverjir verið farnir að gera skýlausa kröfu um að vörurnar skyldu vera vottaðar ef þeir ættu að halda áfram viðskiptum við fyrirtæki:

Við tókum upp okkar vottun eftir ábendingum viðskiptavina og kröfum dreifiaðila á erlendum mörkuðum (Viðmælandi 4 IRF).

Þá höfðu stórar verslunardejgur á borð við Sainsbury's í Bretlandi tekið upp yfirlýsta innkaupastefnu um að kaupa MSC vottaða ýsu og þorsk þegar og ef það væri í boði. Taldi einn viðmælanda ljóst að ef ekki hefði verið fyrir skjót og örugg viðbrögð þeirra að sækja sér vottun, hefði fyrirtækið ekki náð að halda sínum mikilvægustu viðskiptum, heldur hefðu þeir á einu augabragði misst úr sölu stóra línu í ýsu sem þeir áður höfðu selt til Sainsbury's verslanakeðjunnar í Bretlandi.

Sömu sögu var að segja hjá öðrum viðmælenda sem sagði m.a.:

Ástæða þess að við fengum okkur þessar vottanir var fyrst og fremst til að geta haldið áfram að selja inn á Marine Harvest og fleiri kaupendur. Krafa um MSC vottun frá kaupendum þýddi að nú þurfti um 70% af okkar söluvörningi að vera MSC vottaður. Þannig að við vorum eiginlega tilneydd til að bregðast við. (Viðmælandi 1 MSC).

Eins þótti viðmælendum sýnt að vottunin myndi opna fyrirtækjunum leið inn á nýja, eða áður lokaða markaði. Þannig hafi til dæmis verið búið að henda Íslandi út af „high value“ markaði eins og Sviss en að sögn eins viðmælanda varð vottunin til þess að viðkomandi fyrirtæki komst aftur inn á svissneska markaðinn og náði þannig m.a. viðskiptum sem aðrir höfðu ekki.

5.2 Markaðsaðgengi og aukinn trúverðugleiki

Viðmælendur voru á einu máli um að vottun sjávarafurða hafi mikinn ávinning í för með sér fyrir fyrirtækin, en þó ekki endilega með því að skila hærra heldur fyrst og fremst með því að bæta aðgengi og skapa trúverðugleika á markaðnum:

Ég myndi ekki segja að við værum að selja MSC vottuðu vörurnar á hærra verði heldur er helsti ávinningurinn markaðsaðgengið (Viðmælandi 1 MSC).

Þá taldi viðmælandi að töluverður ávinningur hafi hlotist af því að hafa verið með þeim fyrstu á Íslandi til þess að fá MSC vottunina:

[...]með því að fá vottunina svona snemma, náðum við að skapa okkur þetta forskot á fyrsta árinu, það skapaði okkur ákveðinn rekstrarlegan og markaðslegan árangur (Viðmælandi. 2 MSC).

Taldi sami viðmælandi þó aftur á móti að þegar að MSC staðallinn væri orðinn almennur og farinn að ná yfir allan fisk frá Íslandi, væri helsti ávinningur vottunarinnar falinn í markaðsaðgenginu.

Var það álit viðmælenda að það að geta sýnt rekjanleika vörunnar væri lykillinn að því að skapa vörunum aukinn trúverðugleika á markaði:

Varðandi trúverðugleika tel ég að það hafi hjálpað okkar fyrirtæki mikið að vera með rekjanlegar upplýsingar um fisktegund, veiðistað og tíma. [...]með vottuninni getum við staðfest að við stunduðum ábyrgar veiðar (Viðmælandi 4 IRF).

Undir þetta tók annar viðmælenda og sagði:

Ávinningurinn er fyrst og fremst að við erum með betra rekjanleikakerfi og ef eitthvað kemur upp á er hægt að rekja það til baka með MSC. (Viðmælandi 1 MSC).

Sögðu viðmælendur kröfur markaðarins og umhverfisverndarsamtaka um vottun vera orðnar svo miklar að þau fyrirtæki sem væru ekki með vottun ættu það á hættu að vera hreinlega bolað út af markaðnum:

Mikilvægir markaðir eins og Sviss, Bretland eða Ameríka eru í dag mjög meðvitaðir um umhverfisvottanir og þeir smásöluaðilar sem skipta okkur máli eru meira og minna allir að kaupa MSC vottaðan fisk. Þetta er því allt spurning um markaðsaðgengi og ef við myndum ákveða í dag að hætta með þessar vottanir gætum við hreinlega ekki selt fiskinn okkar inn á markaði eins og Sviss, Belgíu eða Bretland og hugsanlega ekki til Ameríku (Viðmælandi 2 MSC)

Jafnframt töldu viðmælendur einn af ávinningum vottunar fælist í því að með vottuninni næðist að verja íslenska fiskistofna fyrir neikvæðri umræðu á heimsvísu:

Með MSC vottun er fyrirtækið komið með þriðja aðila viðurkennda vottun á að þessir fiskistofnar á Íslandi séu sjálfbærir og þannig er komin ákveðin trygging fyrir því að umræðan í þrýstihópum á borð við WWF sé í lagi, en sú stofnun hefur mikið stýrivald á ákvarðanatöku smásöluaðila í hinum vestræna heimi. Það á ekki að vakna nein umræða um það að þorskur, karfi, ýsa eða langa á Íslandi séu í útrýmingarhættu og MSC vottun ver okkur gegn því (Viðmælandi 3 MSC).

5.3 *Hár kostnaður*

Það kostar sitt að fá og viðhalda vottun og eru viðmælendur sammála um að þessi mikli kostnaður sé helsti ókosturinn við kerfið. Töluðu viðmælendur m.a. um að þrátt fyrir almenna viðurkenningu þess í dag að hafa staðal, tekinn út af þriðja aðila, sem vottar að fyrirtækið standist kröfur, þá sé „apparatið“ dýrt og hafi í för með sér aukinn kostnað fyrir alla hlutaðeigandi:

Þessu fylgir klárlega mikill kostnaður. Þetta er mjög dýrt apparat og hefur í för með sér aukinn kostnað fyrir alla hlutaðeigandi (Viðmælandi 2 MSC).

Þannig sé það t.a.m. framleiðandinn sem greiða þurfi fyrir MSC vottunina og geti það gjald legið á milli 20-30 milljóna króna fyrir hvern stofn. Þá kom fram að auk áðurgreinds kostnaðar þyrftu allir að vera með rekjanleikavottun og greiða visst gjald af því á ári en það væri gert til að tryggja viðhaldið á vottuninni sjálfri:

Síðan þurfa allir að vera með svokallaða rekjanleikavottun og greiða visst gjald af því á ári þannig að það er ljóst að við þurfum að standa í miklum útgjöldum vegna þessa (Viðmælandi 2 MSC).

Þá kom fram að allir þeir sem ætli sér að selja MSC vottaðan fisk út úr landinu þurfi að vera meðlimir í félaginu Iceland Sustainable Fisheries: „Allir sem ætla sér að selja MSC vottaðan fisk út úr landinu þurfa að vera meðlimir í þessu félagi Iceland Sustainable Fisheries“ (Viðmælandi 1 -MSC). Eins kom fram að þau fyrirtæki sem sækja sér vottun MSC þyrftu að kaupa sig inn í þann félagsskap með því að kaupa raunverulegan hlut í félaginu (ISF) og borga eftir það visst árgjald sem fer þá í að greiða rekstur félagsins, leyfisgjöld og annað.

Eins þótti viðmælendum ljóst að sá háí kostnaður sem fylgdi vottununum gæti orðið til þess að lítil sjávarútvegsfyrirtæki gætu jafnvel átt í miklum erfiðleikum með að standa í þessum aukna kostnaði:

Fyrir litla útflutningsaðila getur þetta verið mjög dýrt. Það þarf að borga dágóðar upphæðir til þess að komast inn í félagsskapinn og greiða árgjaldið og fyrir lítil félög getur þetta verið stór biti (Viðmælandi 3 MSC).

5.4 Framtíð umhverfisvottana í íslenskum sjávarútvegi

Allir viðmælendur voru sammála um að umhverfisvottanir eru komnar til þess að vera í íslenskum sjávarútvegi og mikilvægt er að þær nái sem víðast yfir íslenska fiskistofna. Vottanir opni dyr inn á markaði sem annars væru lokaðir:

Vottunin þarf að vera til að hafa fullan markaðsaðgang (Viðmælandi 1 MSC).

Var það skoðun viðmælanda að í nánustu framtíð yrði vottunin orðin að ákveðnum staðli sem þyrfti til að hafa fullan markaðsaðgang. Ef sá staðall væri ekki fyrir hendi verði einfaldlega mun erfiðara fyrir fyrirtæki að halda stöðu inn á mörkuðum og í sumum tilvikum að vinna nýja markaði.

Tók annar viðmælandi í sama streng þegar hann var spurður út í framtíð umhverfisvottana í íslenskum sjávarútvegi:

Ég tel að vottun á íslenskum fiskveiðum og -vinnslu sé mjög mikilvæg fyrir íslenskan fiskiðnað og að vinna þurfi að því að útvíkka vottunina á sem flesta mikilvæga fiskistofna við Ísland. Þá þarf líka að huga að vottun á öðrum þáttum í umgengni við náttúruna eins og loftlagsmál og að koma í veg fyrir mengun hafsins [...] Neytendur munu í auknum mæli gera markaðsfyrirtækin ábyrg og fyrirtæki munu í vaxandi mæli nýta sér umhverfismerkingar af einhverju tagi í samkeppninni um hylli neytenda (Viðmælandi 4 IRF).

Það kom einnig vel fram í máli viðmælanda að þó mikilvægt sé að búa yfir vottun og að smásölum finnist það eftirsóknarvert, þá þyki smásöluaðilum jafnvel enn eftirsóknarverðara að geta sett sitt eigið vörumerki á þær afurðir sem þeir hafa til sölu:

MSC er auðvitað ákveðið vörumerki og þó það sé sterkt merki núna vilja smásalar fyrst og fremst velja sínar vörur sjálfir – Sainsbury's vill til dæmis náttúrlega fyrst og fremst bara selja Sainsbury's fisk og vill helst ekki að ástæða þess að neytandinn kaupir fiskinn í verslunum þeirra sé sú að einhver þriðji aðili á borð við MSC segi að hann sé í lagi (Viðmælandi 3 MSC).

Einn viðmælandi taldi æskilegt að í framtíðinni myndi MSC vottunin ná almennt yfir alla íslenska fiskistofna. Eftir það yrði það því ákvörðun hvers og eins smásöluaðila hvort hann ætlaði að selja vöruna MSC vottaða eða ekki. Taldi viðmælandi að með því að ná vottuninni yfir alla fiskistofna landsins myndi íslenskur sjávarútvegur losna við ákveðnar óánægjuraddir sem heyrst hafi í greininni:

Annars vegar er um að ræða kurr sem hefur heyrst hjá framleiðendum vegna þess að við þurfum að borga þennan kostnað til þess að hafa markaðsaðgengi og hins vegar hjá smásöluaðilum sem þurfa að vera með annað vörumerki en sitt eigið á vörunni sinni (Viðmælandi 2 MSC).

Leggja má þann skilning í orð viðmælenda að einmitt með því að gera umhverfsvottanir almennar og algildar geti verslanakeðjur merkt vörurnar með sínu eigin nafni:

Ég held reyndar held að því almennari sem þátttaka er í MSC og fleiri tegundir koma inn þá skipti það smásöluaðilann e.t.v. ekki öllu máli hvort þeir vilji nota MSC á sínar vörur en þeir vilja vita að stofninn sé samt vottaður samkvæmt staðlinum. Það þýðir að menn hugsanlega hætta að vilja nota vörumerkið og borga fyrir það en vilja samt að fiskurinn sé vottaður (Viðmælandi 3 MSC)

Viðmælendur töluðu einnig um að ákveðin vörumerkja barátta ætti sér stað á milli vottana og smásöluaðila. Töldu þeir að hugsanleg lausn í þeirri baráttu gæti orðið að veruleika. Þ.e. ef allir framleiðendur myndu selja vottaðan fisk og að sú vottun yrði talin almenn, þá gæti jafnvel á einhverjum tímavarki orðið til sú krafa hjá verslunarkeðjum að þær þyrftu ekki að selja hann sem vottaðan heldur gætu þess í stað sett sín eigin vörumerki á hann, út frá sínu eigin vali á fiskistofnum:

Ég held að á ákveðnum tímavarki, ef allir verða með vottaðan fisk og að sú vottun verði orðin almenn, þá verði jafnvel til sú krafa hjá verslunarkeðjum að þær þurfi ekki að selja hann sem MSC vottaðan heldur geti þess í stað farið að setja sín eigin vörumerki á hann (Viðmælandi 2 MSC).

Þá talaði einn viðmælendi um að verða sífellt meira var við umræðu umhverfismála í greininni. Kom m.a fram í máli hans að kröfur um umhverfsvænni umbúðir hefðu aukist og að trú hans væri að í framtíðinni yrðu gerðar auknar kröfur um víðtækari umhverfsvottanir í íslenskum sjávarútvegi:

Vitundarvakningin úti í heimi er alltaf að verða meiri og meiri[...] Við erum t.d að selja mikið af fiski í frauðkössum og það eru sumir sem vilja ekki lengur fá þá út af þeim efnum sem í þeim eru. Í framtíðinni verður gerð meiri krafa um víðtækari umhverfsvottanir. T.d. með því að við þyrftum að kolefnisjafna á mótí frauðkassanotkuninni eða finna hreinlega aðrar lausnir Viðmælandi (1 MSC).

5.5 Togstreita milli MSC og IRF

Ljóst er að sitt sýnist hverjum þegar kemur að því að bera saman íslenska IRF staðalinn við MSC. Viðmælendur voru spurðir að því hvers vegna þeir hefðu valið þann staðal sem þeir styðjast við í sínu fyrirtæki.

Taldi einn viðmælenda íslenska staðal IRF ekki virka og að ástæður þess mætti rekja til þess að Íslendingar hefðu ákveðið að búa til staðalinn sjálfir sem og að sjá um vottunina.

[...]þá er íslenski staðallinn ekki að virka vegna þess að við ákváðum að búa til staðalinn og votta okkur sjálfir (Viðmælandi 1 MSC).

Sagði hann jafnframt að þrátt fyrir að þrír aðilar hefðu verið fengnir til að fara í vottunarúttektina hefðu Íslendingar þó í raun alltaf verið að votta sig sjálfa, sem gerði það að verkum að ekki næðist trúverðugleiki þeirra aðila, sem ná þurfi til, hvort sem það væri World Wildlife Fund (WWF) eða smásöluaðilar. Þá taldi sami viðmælandi hins vegar að helsta ástæðan fyrir velgengni MSC vera að staðall MSC hafi verið búinn til af iðnaðnum og í samráði við þrýstihópa eins og WWF:

Ástæða þess að MSC hefur notið svona mikillar velgengni er að þetta er staðall sem var búinn til af iðnaðnum og í samráði við þrýstihópa eins og WWF (Viðmælandi 3 MSC).

Þannig hafi staðallinn verið ákveðinn fyrirfram og síðan lagður ofan á viðeigandi fiskveiðistjórnunarkerfi og stofna. Það hafi skapað MSC mikinn trúverðugleika. Að lokum taldi viðmælandi að þrátt fyrir þá frábæru vinnu sem IRF hafi unnið, gæti íslenska merkið aldrei keppt við merki MSC. Gat hann því ekki séð íslenska staðallinn eiga sér mikla framtíð. Jafnframt kom fram í máli þeirra viðmælenda sem fengið hefðu vottun MSC að þeir sæu engan tilgang í því að viðhalda þungu kerfi IRF þegar ljóst væri að MSC dygði á markaði:

Ég sé hreinlega ekki tilganginn í að viðhalda þessu dýra og að mörgu leyti kreddufyllra kerfi [IRF] með erfiðari stöðlum þegar við erum hvort eð er að verja miklu fé í MSC sem hefur sýnt sig að virkar á markaðinn (Viðmælandi 2 MSC).

Eins og fram hefur komið er ljóst að sitt sýnist hverjum þegar kemur að ágætum merkjanna tveggja og sagði einn viðmælenda m.a.:

Íslenska vottunin var á sínum tíma eina vottunin sem vottaði ábyrgar veiðar við Ísland og er enn í dag eina vottunin sem vottar núverandi ástand og veiðar við Ísland eftir leiðbeinandi reglum FAO. MSC hefur hingað til vottað þá fiskistofna sem Ábyrgar veiðar (IRF) er búíð að fá vottaða og örfáir viðskiptavinir hafa óskað eftir MSC vottun (Viðmælandi 4 IRF).

Í svörum mátti einnig greina áhyggjur viðmælenda af þeirri hættu sem gæti skapast ef markaðsráðandi staða MSC fari enn stækkandi á komandi árum. Voru áhyggjur eins viðmælenda þannig að ef að MSC yrði svo öflugt og svo ráðandi á markaði, gætu þeir farið að segja Íslendingum hvernig þeir ættu að stjórna sínum sjávarútvegi eða sinni auðlind og að Íslendingar myndu þá ekki hafa efni á öðru en að taka þátt í öllum þeirra ákvörðunum, hvort sem þeim líkaði betur eða verr. Voru áhyggjur annars viðmælenda á sömu leið og nefndi hann nærtækt dæmi í Alaska máli sínu til stuðnings:

MSC var með mjög stóra vottun á villta Alaska-laxinum.[...]Margir bændur sögðu sig úr vottuninni þar sem um mikinn kostnað var að ræða en þrátt fyrir það fannst þeim þeir vera bundnir í helsi því það vofði alltaf yfir lokun markaða ef þeir

spiluðu ekki alltaf nákvæmlega eftir reglunum. Það er þessi hræðsla gagnvart MSC sem alltaf virðist vera yfirvofandi (Viðmælandi 1 MSC).

5.6 *Aðkoma umhverfisverndarsamtaka*

Sú þróun að neytendur sjávarafurða krefjist í síauknum mæli fullvissu þess að sá fiskur sem þeir kaupi sé veiddur og unnin með ábyrgðafullum hætti er að mati viðmælenda að miklu leyti drifin áfram af umhverfisverndarsamtökum. Sögðu viðmælendur þrýsting umhverfisverndarsamtaka einnig í mörgum tilfellum vera byggðan á áróðri og þekkingaleysi og eins að umhverfisverndarsamtökin ynnu mikið í gegnum hinar ýmsu stofnanir til að hafa áhrif á gang fiskveiða með því að taka hlutina úr samhengi og nota sem vopn í baráttu sinni gegn fiskveiðum.

Umhverfisverndarsamtök vinna mikið í gegnum hinar ýmsu stofnanir til að hafa áhrif á gang fiskveiða. Hlutir eru teknir úr samhengi og notaðir sem vopn í baráttu gegn fiskveiðum Viðmælandi 4 IRF).

Töldu viðmælendur m.a. að umhverfisverndarsamtök væru í raun ekkert nema sérhagsmunasamtök þrýstihópa sem lítið sem ekkert vit hefðu á sjávarútvegi. Þrátt fyrir það sæju umhverfisverndarsamtökin samt ástæðu til þess að reyna að hafa eins mikil áhrif og hægt væri á iðnaðinn, til dæmis með því að stýra umræðunni inn á þær brautir sem þeim hentaði best. Var það álit viðmælenda að vegna takmarkaðrar þekkingar neytenda á sjávarútvegi gætu umhverfisverndarsamtök auðveldlega haft áhrif á skoðanir fólks.

[...]takmörkuð þekking neytenda á sjávarútvegi gerir það að verkum að umhverfisverndarsamtök hafa auðveldlega áhrif á skoðanir fólks (Viðmælandi 1 MSC).

5.7 *Samfélagsleg ábyrgð*

Hugtakið samfélagsleg ábyrgð kom þó nokkuð fyrir í máli viðmælenda. Ekki var annað að merkja en að viðmælendur töldu sig mjög meðvitaða um samfélagslegar skyldur sínar. Var það samdóma álit viðmælenda að íslenskur sjávarútvegur stæði sig vel hvað varðar samfélagslega ábyrgð. Í viðtölunum kom m.a. fram það álit viðmælenda að engin önnur atvinnugrein á Íslandi sýni eins mikla samfélagslega ábyrgð og íslenskur sjávarútvegur:

Ég held því fram að engin önnur atvinnugrein á Íslandi sýni eins mikla samfélagslega ábyrgð og íslenskur sjávarútvegur (Viðmælandi 1 MSC).

Til fyrirmyndar væri að sjá að Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki væru bakhjarlar sinna samfélaga þar sem þau styrktu og styddu við æskulýðs- og íþróttastarf, menningu og listir og annað

félagsstarf í sínum byggðarlögum. Þá töldu viðmælendur samfélagslega ábyrgð fyrirtækjanna ekki síst liggja í því að nýta auðlindir sjávar með arðbærum og hagkvæmum hætti.

Að lokum töluðu viðmælendur um samfélagsábyrgð fyrirtækjanna þegar kemur að umhverfismálum:

Við erum í stöðugri endurnýjun á umhverfissvænni skipakosti, betri og umhverfissvænni tækjakosti í landi, minnkun útblásturs, ábyrgri og sjálfbærri umgengni um fiskveiðiauðlindina og greinin hefur stutt við ýmsar rannsóknir á hafinu í kringum okkur með það að markmiði að þekkja okkar helstu auðlind betur (Viðmælandi 3).

Af ofangreindu má sjá að þrátt fyrir að ekki sé einhugur meðal viðmælanda um IRF og MSC þá kemur það fram í svörum viðmælanda að samhljómur er með mikilvægi umhverfissvottana og gildi þeirra inni á okkar helstu mörkuðum. Eins telja þeir að umhverfissvottanir séu komnar til að vera og styrkja stöðu okkar sem framleiðslulands á sjávarafurðum.

6 Umræður og ályktanir

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða hvaða þýðingu afurðavottanir og umhverfismerkingar hafi fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki. Í þessum kafla verður rannsóknarspurningunni svarað og niðurstöður rannsóknarinnar tengdar við fræðilega umfjöllun.

6.1 Krafa frá mörkuðum

Það athyglisverðasta við niðurstöður þessa kafla er að í hugum neytenda virðist sjálfbærni og betri umgengni um náttúruna og auðlindir hennar sífellt verða mikilvægari. Þessi aukna krafa hefur orðið til þess að kaupendur íslenskra sjávarafurða hafa speglað þessa kröfu yfir á íslenska fiskútflýjtjendur sem í kjölfarið hafa brugðist við til að tryggja áframhaldandi aðgengi inn á viðkomandi markaði.

Eins og fram kemur í fræðilegri umfjöllun í kafla 2.1 er vottun afurða með umhverfismerkingu gerð í þeim tilgangi að auka eftirspurn almennings eftir umhverfissvænni afurðum. Í því tilliti skiptir þó vitund og samþykki neytenda um umhverfismerkið mestu máli, en vitund er oftast afrakstur árangursríks kynningarstarfs. Jafnframt segir að til að umhverfismerkingaráætlanir hljóti víðtækt samþykki verði að gera þeim málefnum sem tengjast merkingunum hátt undir höfði. Eins að merkingaráætlun sé einnig líklegri til að hljóta samþykki ef hún komi frá áreiðanlegum aðilum.

Þegar niðurstöður viðtala eru bornar saman við ofangreindar upplýsingar má ætla að kynningastarf IRF og MSC sé að skila sér í aukinni vitund og samþykki neytenda. Að sama skapi benda niðurstöður til þess að neytendur beri traust til merkjanna beggja en miðað við yfirburði krafna um vottun MSC má ætla að kynningastarf MSC sé árangursríkara og að vitund neytenda og traust til vottunar MSC sé meiri en hjá IRF. Telur höfundur að líklegar ástæður þess kunni að vera þær að MSC er alþjóðlegt merki og hér er aðallega verið að tala um fiskafurðir sem seldar eru á erlendum mörkuðum.

6.2 Markaðsaðgengi og aukinn trúverðugleiki

Það sem kemur mest á óvart við niðurstöður þessa kafla er að seljendur séu ekki að fá herra verð fyrir vottaðar afurðir sínar heldur telji allir viðmælendur markaðsaðgengi helsta ávinning vottunarinnar. Þessar niðurstöður eru ekki í samræmi við þær niðurstöður sem lagðar eru til grundvallar í fræðikaflanum. Þar kemur ítrekað fram að einn af kostum umhverfissvottana sé

fólginn í því að framleiðendur geti aðgreint sig frá öðrum afurðum sem eru ekki vottaðar og þar með sótt hærra verð inn á viðkomandi markaði.

Samkvæmt niðurstöðum telja viðmælendur einnig mikinn ávinning falinn í því að vottunin hafi skapað vörum þeirra aukinn trúverðugleika á markaðnum og þar hafi rekjanleikakerfi skipt sköpum. Er það í fullu samræmi við þær niðurstöður sem lagðar voru fram í fræðikafla 2.1.2. Þar er fjallað um mikilvægi rekjanleikaferlisins svo hægt sé að tryggja heilindi þeirra afurða sem settar eru á markað.

Í svörum viðmælenda kemur þýðing umhverfisvottana þó e.t.v. hvað skýrast fram í svörum þessa kafla. Eins og niðurstöður gefa sterklega til kynna er vottunin orðin aðgöngumiði inn á flesta af okkar mikilvægustu mörkuðum. Út frá þessum niðurstöðum rannsóknarinnar mætti álykta sem svo að þýðing umhverfisvottana í íslenskum sjávarútvegi væri töluverð. Samkvæmt ummælum viðmælenda kom það berlega í ljós að ef lokað yrði á vottun MSC í íslenskum sjávarútvegi myndu allir helstu markaðir í Sviss, Belgíu, Bretlandi og hugsanlega Ameríku lokast. Þegar þessar niðurstöður eru bornar saman við þær upplýsingar sem settar voru fram í kafla 2.5. og 2.6. er ljóst að lokun þessara markaða gæti valdið tjóni fyrir íslenska útflytjendur sjávarafurða, sem og íslenskt efnahagslíf í heild.

6.3 Hár kostnaður

Greining niðurstaða þessa kafla er í fullu samræmi við það sem lagt var fram í fræðikaflanum sbr. umfjöllun norsku fræðimannanna. Þar er hár kostnaður við þátttöku í MSC tiltekin sem ein af helstu ástæðum þess að farið var í að stofnsetja IRF. Þetta helst alveg í hendur við niðurstöður viðtala þar sem þeir sem nota MSC eru allir sammála um að hár kostnaður sé akkilesarhæll MSC vottunarinnar meðan að sá viðmælandi sem notar IRF nefnir ekki kostnað yfir höfuð.

Það sem kemur höfundum rannsóknarinnar mest á óvart í niðurstöðum kaflans er sú staðreynd að enginn viðmælanda nefndi erfiðleika við að uppfylla skilyrði uppruna- og rekjanleikavottorðanna sem hugsanlegan ókost við vottunina. Það telur höfundur staðfesta það sem lagt var fram í umfjöllun í fræðikafla 2.4 þar sem skilvirkni fiskveiðistjórnunarkerfis Íslendinga er rakið út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar.

6.4 Framtíð umhverfisvottana í íslenskum sjávarútvegi

Ekki er hægt að túlka niðurstöður þessa kafla á annan hátt en að umhverfisvottanir í íslenskum sjávarútvegi séu búnar að festa sig í sessi og að aukinnar umræðu um mikilvægi umhverfismála gæti í greininni.

Sýna niðurstöður að viðmælendur telja að enn séu sóknarfæri fyrir umhverfisvottanir í íslenskum sjávarútvegi. Það má m.a. greina á tali viðmælenda um mikilvægi þess að útvíkka vottanirnar á sem flesta mikilvæga fiskistofna við Ísland og því að huga þurfi að vottun á öðrum þáttum í umgengni við náttúruna, sbr. loftlagsmál og mengun hafsins.

Það sem höfundur fannst áhugaverðast við niðurstöður þessa kafla er að baráttan virðist vera á milli umhverfismerkja og smásöluaðila á markaði. Sýna niðurstöður að draumur viðmælenda, sem og framtíðarsýn sé að í framtíðinni verði umhverfisvottanir í sjávarútvegi orðnar það almennar að umhverfisvottanir nái almennt yfir alla íslenska fiskistofna og þar með verði það undir ákvörðun hvers og eins smásöluaðila hvort hann ætli að selja vöruna MSC/IRF vottaða eða ekki.

6.5 Togstreita milli MSC og IRF

Niðurstöður gefa glögglega í skyn að mikil togstreita ríki enn milli hagsmunaaðila MSC og IRF í íslenskum sjávarútvegi, eins og komið var inn á í fræðikafla 2.7. Merkilegast fannst höfundur, og lýsir kannski í raun togstreitunni milli merkjanna best, að þegar viðmælendur voru spurðir að því afhverju þeir hefðu valið viðkomandi merki til að votta sínar afurðir barst umræðan strax út í samanburð og togstreitu milli merkjanna tveggja. Svörin sýna svo ekki verður um villst að mikil samkeppni er á milli merkjanna og viðmælendur endurspegla það í svörum sínum. Að sama skapi eru niðurstöður þessarar rannsóknar í fullu samræmi við niðurstöður norsku rannsóknarinnar sem fjallað var um í kafla 3.

6.6 Aðkoma umhverfisverndarsamtaka

Út frá niðurstöðum þessarar rannsóknar bendir allt til þess að ítök og áhrif umhverfisverndarsamtaka eru mikil þegar kemur að umhverfisvottunum í sjávarútvegi.

Ef niðurstöður rannsóknar eru bornar saman við niðurstöður úr fræðikafla 2.1.4 þar sem fjallað eru um þá þætti sem ráða því hvaða árangur ræðst af umhverfismerkjum er ljóst að áhrif umhverfisverndarsamtaka er eitthvað sem getur ráðið úrslitum um gengi umhverfisvottanna.

6.7 Samfélagsleg ábyrgð

Að samfélagsleg ábyrgð hafi verið eitt af þeim megin þemum sem kom úr rannsókninni var eitt af því sem kom höfundur skammtilegast á óvart við vinnslu ritgerðarinnar. Ekki var um beina spurningu að ræða heldur studdist greinarhöfundur við opinn spurningaramma til að ná auknu flæði með von um að viðtölin tæku óvænta stefnu. Það kom því á óvart að allir viðmælendur skildu velja að leiða viðtalið inn á samfélagslega ábyrgð fyrirtækja í sjávarútvegi.

Samfélagsleg ábyrgð útgerðarfyrirtækja á Íslandi er mikil, sér í lagi þegar litið er til þeirra verðmæta sem þau skapa samfélaginu sem og út frá þeim fjölda fólks sem starfa við greinina sbr. niðurstöður úr fræðikafla 2.4 og 2.5. Niðurstöður rannsóknarinnar benda þó til að viðmælendur eru meðvitaðir um samfélagslega ábyrgð íslensks sjávarútvegs og sammála um mikilvægi þess að sú ábyrgð sé sýnd í verki.

7 Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar koma heim og saman við þá umræðu að umhverfisvernd verði sífellt mikilvægari í hugum neytenda. Íslenskir fiskútflýgjendur hafa ekki farið varhluta af auknum kröfum markaðarins í þeim efnum og hafa í kjölfarið þurft að bregðast við til að tryggja sér áframhaldandi aðgengi inn á helstu markaði. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar er helsti ávinningur afurðavottana og umhverfismerkinga í íslenskum sjávarútvegi falinn í bættu markaðsaðgengi og auknum trúverðugleika afurðanna á markaði. Þá benda niðurstöður sterklega til þess að umhverfisevntanir í íslenskum sjávarútvegi séu komnar til að vera en einnig að sóknarfæri fyrir umhverfisevntanir í íslenskum sjávarútvegi séu enn fyrir hendi.

Eitt það athyglisverðasta við niðurstöður rannsóknarinnar að mati höfundar eru vísbendingar þess efnis að staða fiskveiðistjórnunarkerfis Íslendinga út frá hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar megi teljast nokkuð góð. Eins fannst höfundi mjög athyglisvert að niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að íslenskir framleiðendur sjávarafurða nái ekki að nýta umhverfisevntanirnar til að fá hærra verð fyrir afurðir sínar. Þrátt fyrir að hér hafi aðeins verið um fjögur viðtöl að ræða telur höfundur að það hversu vel niðurstöður þessa verkefnis rýma við niðurstöður norsku rannsóknarinnar gefi þær þó vísbendingar um að niðurstöður ættu að vera ágætlega marktækar.

Verkefnið þetta hefur verið allt í senn skemmtilegt, áhugavert, lærdómsríkt og krefjandi. Þrátt fyrir að höfundur telji sig hafa ágætis þekkingu á íslenskum sjávarútvegi var þekking og almennur skilningur höfundar á afurðavottunum og umhverfismerkingum til að byrja með mjög takmarkaður. Strax í upphafi sá höfundur að aðgengi að fræðilegri umfjöllun um umhverfisevntanir í sjávarútvegi, og þá sérstaklega aðgengi að íslensku efni var afskaplega takmarkað sem kom höfundi á óvart. Um leið og höfundur hafði kafað nokkuð ofan í viðfangsefnið og hóf að gera sér grein fyrir mikilvægi umhverfisevntana í sjávarútvegi, kom það höfundi í raun enn meira á óvart hversu lítið umhverfisevntanir í sjávarútvegi virðast hafa verið rannsakaðar. Það er því von höfundar að rannsókn þessi geti nýst sem áhugavert innlegg inn í umræðu um vægi og þýðingu umhverfisevntana í íslenskum sjávarútvegi. Þrátt fyrir að rannsókn þessi nái að gera lítið annað en að skrapa í yfirborðið á þessu yfirborðsmikla viðfangsefni er það þó trú höfundar að möguleikar til frekari ávinnings af umhverfisevntunum séu vissulega til staðar. Því telur höfundur mikilvægt að gerðar verði frekari rannsóknir á málaflokknum. Þannig væri t.a.m. fróðlegt að sjá rannsóknir gerðar á tengslum upprunals

sjávarafurða og verðs og eins hvort aukin aðgreining á sviði rekjanleika, vottunar og uppruna skilaði sér almennt í hærra verði sjávarafurða á smásöllumarkaði og svo mætti lengi telja.

Að lokum telur höfundur við hæfi að ummæli eins viðmælenda fái að slá botninn í þessi lokaorð en að mati höfundar ramma ummælin niðurstöður rannsóknarinnar vel inn:

Vottunin hefur í stóru myndinni, að mínu mati, breytt ásýnd almennings og umhverfisverndarsamtaka á íslenskum fiski og fiskveiðistjórnunarkerfi. Það var þörf fyrir að taka upp svokallaða þriðja-aðila vottun til að sanna hversu ábyrgar og umhverfisvænar okkar veiðar eru og það var sannað þegar við fengum vottunina (Viðmælandi 2 MSC).

Heimildaskrá

- Alþingi. (2011). *Erindi nr. Þ 139/3076*. Sótt 2. apríl 2016 af: https://www.althingi.is/pdf/erindi_mals/?lthing=139&malnr=827
- Birgir Þór Runólfsson. (1998). *Sjávarútvegur Íslendinga - þróun, staða og horfur*. Sjávarútvegsráðuneytið.
- Coase, R.H. (1937). *The Nature of the Firm*. *Economica*, New Series, Vol. 4, No. 16. (Nov., 1937), pp. 386-405.: The London School of Economics and Political Science.
- Cochrane, K. og Willmann, M.R. (2000). *Eco-labelling in fisheries management*. In, *Current Fisheries Issues and the Food and Agriculture Organization of the United Nations*, edited by Myron H. Nordquist and John Norton Moore. Martinus Nijhoff Publishers. The Hague, Boston, London. pp. 583-615.
- Collins, M. (1993). *Global Corporate Philanthropy – Marketing beyond the Call of Duty?*, *European Journal of Marketing*, 27, 2:46-58. Sótt 28. mars 2016 af: <http://search.Proquest.com/docview/237016292>
- Daði Már Kristófersson. (2013). *Sjávarútvegur á Íslandi nýtur nokkurrar sérstöðu í heiminum*. Sótt 5. mars 2016 af: <https://www.landsbankinn.is/skodun/2013/11/20/Sjavarutvegur-a-Islandi-nytur-nokkurrar-serstodu-i-heiminum/>
- Dawson. R. (2003). *Vertical integration in commercial fisheries*. Óútgefin doktorsritgerð, Virginia Tech University, Hagfræðideild. Virginia.
- Deere, C. (1999). *Eco-labelling and Sustainable Fisheries*. IUCN - The World Conservation Union and the Food and Agriculture Organization of the United Nations (FAO). Washington and Rome.
- EDF. (1997). *Global Deforestation, Timber and the Struggle for Sustainability: Making the Label Stick*, EDF: Washington, D.C.
- Staffin, E. B. (1996). *Trade Barrier or Trade Boon? A Critical Evaluation of Environmental Labelling and its Role in the 'Greening' of World Trade*, *Columbia Journal of International Environmental Law*, Volume 21, No. 2, bls. 221.
- European Commission. (2007). *Food Traceability*. Sótt 2. apríl 2016 af: http://ec.europa.eu/food/food/foodlaw/traceability/factsheet_trace_2007_en.pdf
- Evrópusambandið. (2001). *GREEN PAPER. Promoting a European framework for corporate social responsibility*. Sótt 20. mars af: <http://ec.europa.eu/social/main.jsp?catId=329&langId=en>
- FAO. (2014). *The state of world fisheries and aquaculture 2012*. Rome. 223 pp. Sótt 27. apríl 2016 af: <http://www.fao.org/3/a-i3720e.pdf>
- FAO. (1995). *FAO Code of Conduct. Siðareglur FAO um ábyrgð í fiskimálum*. Sótt 11. janúar 2016 af: <http://www.fao.org/docrep/005/v9878e/v9878e00.htm>
- Fiskistofa. (e.d). *Fiskveiðistjórn, Alþjóðlegt samstarf*. Sótt 1. apríl 2016 af: <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/uthafsveidar/althjodlegtsamstarf/>

-
- Fiskistofa. (2004). *Úthlutun byggðakvóta skv. reglugerð nr. 596/2003, um úthlutun á 1.500 þorskígildislestum til stuðnings sjávarbygðum, með síðari breytingum*. Sótt 1. apríl 2016 af: http://www.fiskistofa.is/media/tilkynningar/byggdakvoti_0304.pdf
- Wisker, G. (2008). *The Postgraduate Research Handbook*. (2. útgáfa). New York: Palgrave Macmillan.
- Hagstofa Íslands. (e.d.a). *Hlutur atvinnugreina til landsframleiðslu*. Sótt 7. febrúar 2016 af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__thjodhagsreikningar__framlu_ppgj_ISAT2008/THJ08401.px/
- Hagstofa Íslands. (e.d.b). *Starfandi í auka-og aðalstarfi eftir atvinnugreinum (bálkar), kyn og búseta 2008-2015*. Sótt 7. febrúar 2016 af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__vinnumarkadur__vinnumarkadur/VIN01110.px/table/tableViewLayout1/?rxid=af836a2f-e495-4b41-8ef7-5f41dbaedff1
- Hagstofa Íslands. (e.d.c). *Dreifing afkomu fyrirtækja í úrtaki Hagstofunnar 2001-2014*. Sótt 7. febrúar 2016 af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__sjavarutvegur__afkomasja/SJA08106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=70b353ec-66da-4213-be7b-0cae1829cc0b
- Hagstofa Íslands. (e.d.d). *Útflutningur eftir vinnslugreinum 1999-2014*. Sótt 7. febrúar 2016 af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__utanrikisverslun__1_voruvidskipti__04_utflutningur/UTA02106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=69bb5029-88a6-4800-a9c9-91a191feca2d
- Hagstofa Íslands. (e.d.e). *Breytingar á vísitölu neysluverðs frá 1988*. Sótt 7. febrúar 2016 af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Efnahagur/Efnahagur__utanrikisverslun__1_voruvidskipti__04_utflutningur/UTA02106.px/table/tableViewLayout1/?rxid=69bb5029-88a6-4800-a9c9-91a191feca2d
- Hagstofa Íslands. (e.d.f). *Afli og verðmæti eftir tegundum og veiðisvæðum 1993-2014*. Sótt 7. febrúar 2016 af: http://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__sjavarutvegur__aflatolur__fiskveiðisvaedi/SJA09001.px/table/tableViewLayout1/?rxid=b8312f3d-6d6e-4c20-9351-aedd9b06b3cf
- Hannes Hólmsteinn Gissurason. (2015). *The Icelandic Fisheries- Sustainable and Profitable*, bls 63-65. Reykjavík: University of Iceland press.
- Hardin, G. (1968). *The Tragedy of the Commons*. Science, New Series, Vol. 162, No. 3859. (Dec. 13, 1968), pp. 1243-1248.
- Helgi Áss Grétarsson. (2008). *Réttarsaga fiskveiða frá landnámi til 1990*, bls: 116. Reykjavík. Ritroð Lagastofnunar Háskóla Íslands nr. 6.
- Hennessy, D.A. (1996). *Information asymmetry as a reason for food industry vertical integration*. American Journal of Agricultural Economics. 78(4), 1034-1043.
- Hoffman, A. J. (2000). *Competitive Environmental Strategy: A Guide to the Changing Business Landscape*. Washington DC: Island Press.
- Iceland Responsible Fisheries. (2012). *Ábyrgar veiðar, Fiskur til framtíðar*. Sótt 10. janúar 2016 af: http://www.responsiblefisheries.is/files/future_generations_2012_is.pdf

-
- Iceland Responsible Fisheries. (2016). *Skráðir notendur*. Sótt 8. apríl 2016 af: <http://www.responsiblefisheries.is/islenska/upprunamerki/notendur/>
- Iceland Responsible Fisheries. (e.d. a). *Ábyrgar fiskveiðar ses*. Sótt 4. apríl 2016 af: <http://www.responsiblefisheries.is/islenska/um-verkefni/abyrgar-fiskveidar-ses/>
- Iceland Responsible Fisheries. (e.d.b). *Vottun*. Sótt 4. apríl 2016 af: <http://www.responsiblefisheries.is/islenska/vottun/>
- Iceland Responsible Fisheries. (e.d.c.). *Um verkefnið*. Sótt 8. apríl 2016 af: <http://www.responsiblefisheries.is/islenska/um-verkefni/thattaka-fyrirtaekja/>
- Iceland Sustainable Fisheries. (e.d.). *ISF hluthafar*. Sótt 8. janúar 2016 af: <http://www.isf.is/isf-aethildarfyrirtaeligki.html>
- Íslandsbanki. (2015). *Íslenski Sjávarútvegurinn 2015*. Sótt 3. mars 2016 af: <https://www.islandsbanki.is/library/Myndir/Efnismyndir-a-sidum/Fyrirtaeki/IslenskiSjavarutvegurinn2015.pdf>
- Jón Þ. Þór. (2002). *Sjósókn og sjávarfang: Saga sjávarútvegs á Íslandi*, I bindi. Akureyri: Bókaútgáfa Hólar.
- Kotler, P. og Lee, N. (2004). *Corporate Social Responsibility: Doing the Most Good for Your Company and Your Cause*. Hoboken, N.J: Wiley.
- McKinsey Scandinavia. (2012). *Charting a Growth Path for Iceland*. McKinsey & Company.
- Marine Stewardship Council. (2011). *Harnessing Market Forces for Positive Environmental Change*. The MSC theory of change. London: Marine Stewardship Council.
- Marine Stewardship Council. (2015). *The MSC in numbers*. London: Marine Stewardship Council.
- Marine Stewardship Council. (2015). *MSC Chain of Custody Program Review*. Stakeholder Engagement Summary Report. London: Marine Stewardship Council.
- Marine Stewardship Council. (2014). *MSC Fisheries Standard*. London: Marine Stewardship Council.
- National Wildlife Federation. (1996). *Guarding the Green Choice: Environmental Labelling and the Rights of Green Consumers*, Washington, D.C.
- OECD-FAO. (2014). *Agricultural outlook 2014*. Sótt 4. mars 2016 af: http://www.oecd-ilibrary.org/agriculture-and-food/oecd-fao-agricultural-outlook-2014_agr_outlook-2014-en
- Óli Björn Kárason. (2015). *Gengisfellingar, gengissig, gengisaðlögun og arðbær sjávarútvegur*. Sótt 4. apríl 2016 af: <http://www.t24.is/?p=8837>
- Sigurlína Davíðsdóttir. (2003). Eigindlegar eða megindelegar rannsóknaraðferðir? Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 219-235). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Silverman, D. (2010). *Doing qualitative research. A practical handbook* (3. útgáfa). London: Sage.

-
- Sveinn Agnarsson, Daði Már Kristófersson, Kristófer Gunnlaugsson og Valur Þráinsson . (2011). *Skýrsla Hagfræðistofnunnar um aðskilnað veiða og vinnslu*. Sótt 10. febrúar 2016 af: <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Skyrslur/Skyrsla-Hagfræðistofnunnar-um-aðskilnað-veida-og-vinnslu.pdf>
- Umhverfissráðuneytið. (2011). *Hvítbók náttúruvernd. Um löggjöf til verndar náttúru Íslands*. Sótt 28. mars 2016 af: https://www.umhverfissraduneyti.is/media/PDF_skrar/Hvitbok_natturuvernd_001-478.pdf
- Umhverfis- og auðlindaráðuneytið. (e.d.). *Alþjóðlegir umhverfissamningar- OSPAR*. Sótt 2. apríl 2016 af: <https://www.umhverfissraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/146>
- United States Environmental Protection Agency. (1993). *Status Report on the Use of Environmental Labels Worldwide*, Office of Pollution Prevention and Toxics, EPA 742-R-9-93-001. September.
- Utanríkisráðuneytið. (2004). *Hafið, Heildarstefna Íslands í málefnum hafsins*. Sótt 30. mars 2016 af: https://www.utanrikisraduneyti.is/media/Utgafa/Hafid_2004.pdf
- Utanríkisráðuneytið. (2015, a). *Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna*. Sótt 2. apríl 2016 af: <https://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/althjoda-og-oryggissvid/thjodaettarmal/hafrettarmal/hafrettarsamningur-un/>
- Utanríkisráðuneytið. (2015, b). *Úthafsveiðisamningurinn*. Sótt 2. apríl 2016 af: <https://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/althjoda-og-oryggissvid/thjodaettarmal/hafrettarmal/uthafsveidisamningurinn/>
- Utanríkisráðuneytið. (2015, c). *Hafréttarmál á vettvangi Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna*. Sótt 03. Apríl 2016 af: <https://www.utanrikisraduneyti.is/verkefni/althjoda-og-oryggissvid/thjodaettarmal/hafrettarmal/matvaela-og-landbunadarstofnunsth/>
- WCED. (1987). *Our common future: The World Commission on Environment and Development*. Oxford: Oxford University Press. Bowen, H.R. (1953). New York; Harper Row.
- Wessells, C.R. (2001). *The Theoretical Foundation of Ecolabelling: Economics of Information*. FAO Fisheries Technical Paper. No. 422. Rome, FAO. 2001. 83p.
- Wessells, C.R., Cochrane, K., Deere, C., Wallis, P. og Willmann, M. R. (2001) *Product certification and ecolabelling for fisheries sustainability*. FAO Fisheries Technical Paper. No. 422. Rome, FAO. 2001. 83p.
- WTO. (1997). *Eco-labelling: Overview of Current Work in Various International Fora*, Note by the WTO Committee on Trade and Environment, WT/CTE/W/45, WTO: Geneva; OECD. 1997a. Processes and Production Methods (PPMs): Conceptual Framework and Considerations on use of PPM-based Trade Measures, OECD, Paris; OECD. 1997b. Eco-labelling: Actual Effects of Selected Programmes, OECD, Paris.

Lagaskrá

Lög um stjórn fiskveiða nr.116/2006.

Lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn nr. 41/1979.

Lög um matvæli nr.93/1995.

Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990.

Reglugerð um leyfisskildar frístundaveiðar nr. 549/2009.

Reglugerð um úthlutun byggðarkvóta til byggðalaga á fiskveiðiarinu 2015/2016 nr. 604/2015.

Viðauki 1

Spurningalisti:

1. Hvaða vottanir hafið þið fengið á vörur ykkar?
2. Hver er ástæða þess að þið ákváðuð að sækja um vottun á vörur ykkar?
3. Hvers vegna sóttuð þið um þessa tilteknu vottun frekar en einhverja aðra?
4. Með hvaða hætti notið þið vottanirnar?
5. Hafa vottanirnar breytt einhverju fyrir fyrirtækið og vörur þess, og þá hverju?
6. Hver er helsti ávinningur fyrirtækisins af vottununum?
7. Er einhver ókostur sem fylgt hefur vottununum?
8. Finnið þið fyrir þrýstingi um vottaðar vörur frá kaupendum ykkar og jafnvel markaðnum almennt?
9. Hverja telur þú líklega þróun umhverfisvottanna á alþjóðavísu?
10. Hverja telur þú framtíð umhverfisvottana vera í íslenskum sjávarútvegi?
11. Eitthvað annað sem þú vilt að komi fram varðandi þýðingu vottana fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki?